AÐALSKIPULAG SUÐURNESJABÆJAR 2022-2034

Valkostagreining og umhverfismatsskýrsla

24. október 2022

SUÐURNESJABÆR

VERKÍS

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ..... **ii**
1 Inngangur **1**
1.1 Tildrög 1
1.2 Markmið valkostagreiningar og umhverfismats 1
1.3 Aðalskipulagssvæðið 1
2 Áherslur og aðferðir í umhverfismati **2**
2.1 Umhverfisþættir og áhrifaþættir 2
2.2 Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati 2
3 Valkostagreining um þróun byggðar í Garði og Sandgerði **7**
3.1 Greiningarsvæðið, aðferðir og helstu forsendur 7
3.2 Forsendur, stefnukostir og greiningaraðferðir 7
3.3 Valkostir til greiningar 8
3.4 SVÓT greining 9
3.5 Umhverfisáhrif valkosta um þróun byggðar 17
3.6 Samantekt greiningar um þróun byggðar í Garði og Sandgerði 23
3.7 Umræður um útfærslu stefnu 27
3.8 Útfærsla valkosta í tillögu að aðalskipulagi 28
4 Umhverfisáhrif valkosta um legu ofanbyggðavegar í Garði **29**
4.1 Sjálfbært og aðlaðandi samfélag 30
4.2 Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf 30
4.3 Traustir og hagkvæmir innviðir 31
4.4 Vel menntað og heilbrigt samfélag 32
4.5 Samlegðaráhrif valkosta og útfærsla í skipulagi 33
5 Umhverfisáhrif aðalskipulagsins í heild og eftirfylgni **37**
5.1 Umhverfisáhrif aðalskipulagsins í heild 37
5.2 Stakar framkvæmdir 45
5.3 Samlegðaráhrif 46
5.4 Eftirfylgni og vöktun 46
6 Tengsl við áætlanir stjórnvalda og innbyrðis samræmi **47**
6.1 Innbyrðis samræmi markmiða aðalskipulagsins 47
6.2 Tengsl aðalskipulagsins við stefnu stjórnvalda 50
7 Heimildir **52**

1 Inngangur

Hér er sett fram umhverfismat á tillögu að aðalskipulagi Suðurnesjabæjar samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

1.1 Tildrög

Í byrjun árs 2019 samþykkti bæjarstjórn Suðurnesjabæjar áætlun um verkferli fyrir gerð aðalskipulags sameinaðs sveitarfélags, þ.e. hugmyndasamkeppni um framtíð Suðurnesjabæjar í tengslum við mótun nýs aðalskipulags. Í samkeppninni komu fram fjölmargar hugmyndir um þróun byggðarinnar og nálgun við mótun stefnu aðalskipulagsins. Í kjölfarið var valið teymi til að taka að sér að vinna að gerð nýs aðalskipulags fyrir Suðurnesjabæ.

Í mars 2021 var kynnt skipulags- og matslýsing[1] fyrir heildarendurskoðun aðalskipulagsins og á kynningartímanum bárust fjölmargar hugmyndir, ábendingar og athugasemdir til skoðunar við mótun tillögu að aðalskipulagi. Í kjölfarið ákvað Suðurnesjabær að skoða sérstaklega valkosti um þróun þéttbýlis, þ.e. vöxt þéttbýlis og samspil þess við samgöngur. Í framhaldinu tók Verkís saman greinargerð, *Aðalskipulag Suðurnesjabæjar; Frumgreining á valkostum um þróun þéttbýlis*,[2] þar sem greindar voru helstu forsendur fyrir stefnumörkun um þróun byggðar og metnir meginvalkostir um stefnu. Framkvæmda- og skipulagsráð fjallaði um valkostagreininguna á fundum sínum, m.a. 19. janúar 2022, þar sem ráðið samþykkti þá þætti sem horfa ætti til við útfærslu stefnu aðalskipulagsins um þróun byggðar í þéttbýli.

Efni umræddrar greinargerðar myndar uppistöðuna í þessari umhverfismatsskýrslu en viðbætur við þá greinargerð eru meðal annars samanburður á valkostum um byggðaveg í Garði, mati á heildaráhrifum aðalskipulagsins, o.fl.

[1] Suðurnesjabær. 2021B.

1.2 Markmið valkostagreiningar og umhverfismats

Tilgangurinn með gerð aðalskipulags Suðurnesjabæjar er að skapa heildstæða umgjörð um skipulagsmál svo hægt verði að takast á við nýjar og krefjandi áskoranir í skipulagsmálum. Markmiðið er að móta heildstæða og skýra framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið og marka stefnu sem hefur jákvæð áhrif á umhverfið og stuðlar að lífsgæðum og sjálfbærni daglegs lífs íbúa í Suðurnesjabæ. Einnig að skapa vettvang fyrir samvinnu og samstarf meðal íbúa og hagsmunaaðila í sveitarfélaginu.

Markmiðið með umhverfismati aðalskipulagsins er að samþætta umhverfismálin inn í skipulagsgerðina og að aðalskipulagið hafi jákvæð áhrif á umhverfið. Markmiðið með frumgreiningu valkosta um þróun byggðar í þéttbýli í Suðurnesjabæ er að varpa ljósi á hvaða valkostir koma til álita með það fyrir augum að þeir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar um það efni.

1.3 Aðalskipulagssvæðið

Nýtt aðalskipulag Suðurnesjabæjar tekur til alls lands innan marka Suðurnesjabæjar, þ.e. til þéttbýlisins og dreifbýlisins, ef frá er talið svæði á Keflavíkurflugvelli þar sem Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030 er í gildi. Suðurnesjabær er um 84 km² að stærð. Mörk sveitarfélagsins liggja að Reykjanesbæ.

Gert er ráð fyrir að nýtt aðalskipulag fyrir Suðurnesjabæ taki gildi árið 2023 og marki stefnu til tólf ára. Jafnframt falli úr gildi Aðalskipulag Garðs 2013-2030 og Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar er eftir sem áður í gildi.

[2] Verkís. 2021.

2 Áherslur og aðferðir í umhverfismati

Í kaflanum er gerð grein fyrir aðferðum við umhverfismatið, vinsun umhverfisþátta og skilgreiningu umhverfisviðmiða. Áður hefur verið gerð grein fyrir þessum þáttum í skipulags- og matslýsingu fyrir aðalskipulag Suðurnesjabæjar.[3]

2.1 Umhverfisþættir og áhrifaþættir

Áhrifavaldar eða áhrifaþættir aðalskipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunarinnar og hámarka þau jákvæðu. Í neðangreindri töflu (Tafla 2.1) er vinsun umhverfisþátta[4] fyrir gerð aðalskipulagsins, þ.e. meginmatsþættir og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu aðalskipulagsins. Val á umhverfisþáttunum byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand og öðrum forsendum sem liggja fyrir í skipulagsferlinu.

2.2 Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati

Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Umhverfisviðmiðin eru birt í neðangreindri töflu (Tafla 2.2), en þar eru einnig tilgreindir vísar og tengsl við umhverfisþætti sem skilgreind eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfisviðmiðin eru í grunninn byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sérstaklega er tekið mið af heimsmarkmiðum sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa augljós tengsl við skipulagsgerð. Einnig er byggt á *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* og öðrum áætlunum á landsvísu sem marka stefnu um landnotkun, auk náttúruverndarlaga, laga um menningarminjar, o.fl.

Í umhverfismatinu er unnið með fjóra matsþætti sem taka til meginviðfangsefna aðalskipulagsins, sbr. töflu 2.1 (Tafla 2.1) og einnig töflu 2.3 (Tafla 2.3). Lagt verður mat á það hvort skipulagið eða einstakir hlutar þess styðji eða gangi gegn umhverfisviðmiðunum og við framkvæmd matsins er beitt matsspurningum sem vísa til umhverfisviðmiðanna (Tafla 2.3).

Tafla 2.1 Vinsun umhverfisþátta. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna aðalskipulags.

Matsþáttur	Mikilvægir umhverfisþættir	Skýringar
Sjálfbært og aðlaðandi samfélag	Dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur, veðurfar, landslag, íbúar, heilbrigði manna og næmni fyrir hættu á slysum og náttúruhamförum	Loftslagsmál og áhrif þeirra. Áhrif af auknum lífsgæðum í samfélaginu. Áhrif af uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og búsetuúrræða sem taka mið af þörfum samfélagsins. Skipulag sem tekur tillit til hættu af völdum sjávarflóða
Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf	Íbúar, efnisleg verðmæti og menningarminjar	Áhrif af auknum umsvifum og fjölbreytni atvinnulífs. Aukin samkeppnishæfni sveitarfélagsins og aukin seigla og sveigjanleiki gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum
Traustir og hagkvæmir innviðir	Dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegur, menningarminjar, vatn, veðurfar, landslag og heilbrigði manna	Áhrif af framkvæmdum á nýjum svæðum. Áhrif af aukinni áherslu á sjálfbærar samgöngur, svo sem áherslu á hjóla- og göngustíga
Vel menntað og heilbrigt samfélag	Menningarminjar og landslag, íbúar og heilbrigði manna	Áhrif af uppbyggingu ferðaþjónustu og aðstöðu á fjölförnum stöðum. Áhrif af styrkingu staðaranda og aukinna tengsla við söguna. Áhrif á lýðheilsu og vellíðan íbúa vegna eflingar nærþjónustu og aukinna tækifæra til útivistar og hreyfingar. Aukinn jöfnuður og jafnrétti

[3] Suðurnesjabær. 2021B.

[4] Umhverfisþættir sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Tafla 2.2 Umhverfisviðmið, umhverfisvísar og umhverfisþættir sem byggt er á í umhverfismati aðalskipulagsins.

Umhverfisviðmið	Byggt á	Umhverfisvísar	Umhverfisþættir													
			Íbúar	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Líffræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Loft	Veðurfar	Efnisleg verðmæti	Menningarminjar	Landslag	Næmni fyrir hættu á slysum og náttúruhamförum
Heilbrigt líferni og vellíðan íbúa Stuðla að geðheilbrigði og vellíðan og draga úr ótímabærum dauðsföllum af völdum lífsstílstengdra sjúkdóma með forvörnum, m.a. með íþróttum, félagslífi og útivist. Stuðla að heilnæmu umhverfi og góðum möguleikum til útiveru. Draga úr slysum og dauðsföllum af völdum umferðarslysa	HMS[5]-3[6] LSK[7] 15-26[8]	Aðgengi að útivist Ásýnd lands Hljóðstig Umferðarslys														
Aðgengi að hreinu vatni og sjálfbær nýting þess Auka vatnsgæði með því að draga úr mengun. Vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi	HMS-6. Lög og reglugerð um stjórn vatnamála[9]	Fráveita Vatnsgæði Votlendi Mengun														
Aðgengi að áreiðanlegri og sjálfbærri orku Auka hlut endurnýjanlegrar orku og stuðla að bættri orkunýtingu. Stuðla að orkuskiptum í samgöngum	HMS-7 LSK 15-26 AÁL[10]	Endurnýjanleg orka Raforkuflutningur Orkuvinnsla Hleðslustöðvar														
Sjálfbær hagvöxtur og fjölbreytt atvinnutækifæri Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur	HMS-8 LSK 15-26	Hagvöxtur Íbúafjöldi Staða atvinnulífs og fjölbreytni														
Viðnámsþol innviða og nýsköpun Þróa trausta innviði sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velferð allra. Stuðla að samkeppnishæfni, þoli og eflingu samfélags og atvinnulífs	HMS-9 LSK 15-26	Fjarskipti, veitur Umferð, vegflokkun Raforkuflutningur Vinnu- og þjónustu-sókn Aðgengi að þjónustu														

[5] HMS vísar til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
[6] Stjórnarráð Íslands. 2022.
[7] LSK vísar til Landsskipulagsstefnu 2015-2026.
[8] Skipulagsstofnun. 2016.
[9] Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og reglugerð um stjórn vatnamála nr. 935/2011.
[10] Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum Tryggja öllum fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði og grunnþjónustu. Gefa öllum kost á að ferðast með öruggum, sjálfbærum og aðgengilegum ferðamátum á viðráðanlegu verði. Bæta umferðaröryggi og almenningssamgöngur. Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í þéttbýli, með áherslu á loftgæði og meðhöndlun úrgangs	HMS-11 LSK 15-26	Íbúar og íbúðir Ferðamátar Almennings-samgöngur Umferðarslys Loftgæði Verndarsvæði														
Sjálfbær neysla og framleiðsluaðferðir Vinna að sjálfbærri stjórnun og nýtni á náttúruauðlindum. Draga úr sóun með forvörnum, minni úrgangi, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu. Styðja við hringrásarhagkerfið	HMS-12 Í átt að hringrásar-hagkerfi[11]	Úrgangsmeðhöndlun Endurvinnsla														
Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara. Stuðla að orkuskiptum í samgöngum og kolefnisbindingu. Flétta aðgerðir vegna loftslagsbreytinga inn í skipulag og áætlanagerð. Stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum	HMS-13 AÁL[12] ÍLL[13] LSK 15-26	Binding kolefnis Losun kolefnis Hækkun sjávarborðs Áhætta vegna sjávarflóða														
Umhverfi hafsins og auðlindir þess Draga úr mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi. Vernda og stjórna nýtingu á vistkerfum strandsvæða	HMS-6 HMS-14	Ástand strandsvæða Verndarsvæði Mengun														
Vistkerfi á landi Tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Grípa til aðgerða til að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni og koma í veg fyrir útrýmingu tegunda í hættu. Grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir landnám og draga úr áhrifum ágengra framandi tegunda á vistkerfi á landi og í vatni	HMS-15 Lög um náttúru-vernd[14]	Líffræðileg fjölbreytni Gróðurfar Votlendi Landbúnaðarland Fuglalíf Verndarsvæði														
Verndun og varðveisla sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi Stuðla að varðveislu og vernd náttúru- og menningarminja, sem felast í líffræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytni jarðmyndana, landslagi og minjum um sögu og búsetu. Yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum	LSK 15-26 Lög um náttúru-vernd og menningarminjar[15] MSM[16]	Fágæti landslags Ásýnd lands Menningarlandslag Náttúruminjar Menningarminjar Fornleifaskráning Röskun lands														

[11] Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2021A.
[12] Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020.
[13] Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2021B.
[14] Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
[15] Lög um menningarminjar nr. 80/2012
[16] Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2014.

Tafla 2.3 Matsþættir, viðmið og matsspurningar.

Matsþáttur	Viðmið	Matsspurning
Sjálfbært og aðlaðandi samfélag	Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra Vistkerfi á landi Umhverfi hafsins og auðlindir þess	• Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis? • Stuðlar stefnan að viðbrögðum við loftslagsbreytingum svo sem vegna hækkunar sjávarborðs? • Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. friðlýst svæði, fólkvanga og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli vera friðlýst? • Hefur stefnan áhrif á lykilvistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land? • Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m^2, sjávarfitjar og leirur og fossa? • Hefur stefnan áhrif á vistkerfi strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?
Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf	Sjálfbær hagvöxtur og fjölbreytt atvinnutækifæri Sjálfbær neysla og framleiðsluaðferðir Viðnámsþol innviða og nýsköpun	• Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu? • Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf á svæðinu? • Stuðlar stefnan að endurvinnslu og endurnýtingu? • Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?
Traustir og hagkvæmir innviðir	Aðgengi að hreinu vatni og sjálfbær nýting þess Aðgengi að áreiðanlegri og sjálfbærri orku Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum	• Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)? • Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum? • Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu? • Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum? • Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?
Vel menntað og heilbrigt samfélag	Heilbrigt líferni og vellíðan íbúa Verndun og varðveisla sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi	• Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist? • Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar? • Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika? • Stuðlar stefnan að líffræðilegum fjölbreytileika? • Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands? • Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar? • Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum?

Í umhverfismati áætlana eru greind möguleg umhverfisáhrif af skilgreindum valkostum um stefnu. Aðferðir við matið, umhverfisþættir og umhverfisviðmið eru skilgreind í skipulags- og matslýsingu fyrir aðalskipulag Suðurnesjabæjar.[17] Lagt er mat á hvort valkostir um stefnu, eða stefnan í heild, styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér. Skilgreindar eru matsspurningar til að greina hvort stefnan styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum. Umhverfisviðmiðin og matsspurningarnar eru settar fram í ofangreindum töflum (Tafla 2.2 og Tafla 2.3). Stuðst er við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis og upplýsingar sem hafa komið fram í skipulagsferlinu. Þá er einnig leitað til sérfróðra manna sem búa yfir þekkingu á staðháttum. Framsetning umhverfismats er í formi matstafla og/eða texta.

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar[18] og stuðst verður við sex vægiseinkunnir við matið, sbr. neðangreinda töflu (Tafla 2.4).

Tafla 2.4 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum valkosta um þróun þéttbýlis í Suðurnesjabæ.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	**Veruleg jákvæð áhrif.** Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	**Jákvæð áhrif**. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	**Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við**. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	**Neikvæð áhrif.** Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
- -	**Veruleg neikvæð áhrif.** Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	**Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar.** Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

[17] Suðurnesjabær. 2021B.

[18] Skipulagsstofnun. 2007.

3 Valkostagreining um þróun byggðar í Garði og Sandgerði

3.1 Greiningarsvæðið, aðferðir og helstu forsendur

Greiningin nær til þéttbýlisins í Garði og Sandgerði og nærliggjandi svæða í jaðri byggðarinnar og milli þéttbýlisstaðanna. Á þessum tveimur þéttbýlisstöðum býr meginþorri íbúa Suðurnesjabæjar.

Við greininguna er beitt tveimur aðferðum sem eru annars vegar SVÓT greining (e. SWOT analysis)[19] og hins vegar umhverfismat áætlana. SVÓT greiningunni er beitt til að finna og flokka innri og ytri áhrifaþætti fyrir skilgreinda valkosti, þ.e. styrkleika og veikleika sem tilheyra innri þáttum, en ógnanir og tækifæri sem tilheyra ytri þáttum.

Í umhverfismati áætlana eru greind möguleg umhverfisáhrif af skilgreindum valkostum um stefnu. Aðferðir við matið, umhverfisþættir og umhverfisviðmið eru skilgreind í kafla 2 og er hér vísað til þeirra.

3.2 Forsendur, stefnukostir og greiningaraðferðir

Vísað er til greinargerðar aðalskipulagsins hvað varðar yfirlit yfir umhverfisaðstæður og stefnu stjórnvalda á landsvísu og Suðurnesjabæjar.

Nyrsti hluti Suðurnesjabæjar, Sandgerði og Garður.

[19] SVÓT greining er greiningartól þar sem greindar eru upplýsingar um styrkleika og veikleika í innra umhverfi sveitarfélags og um ógnanir og tækifæri í ytra umhverfi þess.

3.3 Valkostir til greiningar

Til að varpa ljósi á hvaða stefnukostir koma til álita í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar um þróun þéttbýlis og samspil þess við samgöngur, eru skilgreindir meginvalkostir um stefnu.

- Núll-kostur. Að ekki komi til frekari stefnumótunar í aðalskipulagi. Fyrirliggjandi þróunarsvæði í aðalskipulagi verði nýtt. Gatnakerfið verði í sama horfi og nú og ekki verði ráðist í frekari uppbyggingu hjóla- og gönguleiða.
- A – Vöxtur inn á við. Vöxtur þéttbýlis verði einkum inn á við. Núverandi byggð verði endurskipulögð og þétt með því að nýta betur land innan marka núverandi þéttbýlis. Byggt verði upp (svo sem tvær til fjórar hæðir) og vannýtt svæði nýtt. Áhersla verði á gönguvænt umhverfi innan þéttbýlis.
- B – Tenging milli Garðs og Sandgerðis. Vexti þéttbýlis verði einkum beint að svæðum milli núverandi þéttbýlisstaða og nýtt land brotið undir byggð. Nýrri þjónustu verði einkum komið fyrir á þróunarsvæði milli Sandgerðis og Garðs. Megináherslan í samgöngum verði að styrkja samgöngur milli staðanna, svo sem hjóla- og gönguleiðir.
- C – Vöxtur út á við. Vöxtur þéttbýlis verði einkum út á við og nýrri uppbyggingu beint að hentugum svæðum í jaðri núverandi byggðar. Nýtt land verði brotið undir byggð. Megináherslan í samgöngum verði að létta á umferð um þéttbýlið með hjáleið og styrkja hjóla- og gönguleiðir innan þéttbýlis.

Í umhverfismati voru auk þess skoðaðir tveir valkostir um staðsetningu hringtorgs og legu ofanbyggðavegar í Garði, auk núll-kosts, sbr. kafla 4.

3.4 SVÓT greining

Í kaflanum er SVÓT greining á valkosti um stefnu í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar, þ.e. valkosti sem skilgreindir eru í kafla 3.3.

Núll-kostur

Þegar horft er til framtíðar í Suðurnesjabæ, hverjir eru styrkleikarnir?

Ef ekki kemur til frekari stefnumótunar í aðalskipulagi um þróun byggðar í þéttbýlinu og samgöngur í og við þéttbýli.

- Íbúar eru heilt yfir mjög ánægðir með Suðurnesjabæ sem stað til að búa á.
- Íbúar eru heilt yfir ánægðir með gæði umhverfis í nágrenni við heimili sitt.
- Fyrirliggjandi eða skipulagt byggingarland hentar vel til uppbyggingar.
- Núverandi byggð liggur nokkuð vel við þjónustu.
- Núverandi og skipulögð byggð tekur mið af náttúruminjum á svæðinu.
- Rík áhersla á varðveislu menningarminja, svo og verndarsvæði í byggð.
- Rík áhersla á vandaða íþróttaaðstöðu.

Þegar Suðurnesjabær undirbýr sig fyrir framtíðina, hverjir eru veikleikarnir?

Það er mikilvægt að greina veikleika í núverandi fyrirkomulagi byggðar og samgangna í þéttbýlinu að óbreyttri stefnu sveitarfélagsins.

- Tæpur helmingur íbúa eru ánægðir með skipulagsmál almennt í sveitarfélaginu.
- Íbúar eru marktækt óánægðari en aðrir íbúar landsins með dvalarheimili aldraðra og aðgengi að heilsugæslu.
- Þung umferð og gegnumakstur er um þjóðveg í þéttbýli, einkum um Garð.
- Vöntun er á skjólmyndun og trjágróðri.
- Uppbygging og rekstur íþróttaaðstöðu er á tveimur stöðum.
- Úrbóta er þörf á öryggi gangandi vegfarenda og gönguhæfi byggðar.

Núll-kostur

Í ytra umhverfi Suðurnesjabæjar, hverjar eru helstu **ógnir**?

Það sem ógnar því að Suðurnesjabær byggist upp og verði sterkt byggðarlag að óbreyttri stefnu sveitarfélagsins.

- Almenn efnahagsþróun.
- Íbúaþróun, samsetning íbúa og framboð á lóðum til framtíðar.
- Samsetning atvinnulífs og vöntun á viðnámsþrótti og seiglu gangvart efnahags- og samfélagsbreytingum.
- Ásýnd og ímynd þéttbýlis.
- Þörf á að auka fjölbreytni atvinnulífs.
- Álag vegna vaxandi fjölda ferðamanna.
- Lítið umfang gistiþjónustu.
- Sjálfbærni daglegs lífs og gæði hins byggða umhverfis.
- Náttúruvá og byggð á lágsvæðum.

Hvar liggja helstu **tækifæri** Suðurnesjabæjar?

Tækifæri sem skapast við að fylgja óbreyttri stefnu um fyrirkomulag byggðar.

- Vöxtur byggðar í jaðri höfuðborgarsvæðisins.
- Vöxtur byggðar í jaðri alþjóðaflugvallar.
- Vöxtur ferðaþjónustu samfara vaxandi straumi ferðamanna.
- Auka þjónustu fyrir heimamenn og gesti.
- Auka gæði byggðar og sjálfbærni daglegs lífs.
- Möguleikar til að styrkja ásýnd og ímynd.
- Vöxtur íþróttatengdrar ferðaþjónustu.

Vöxtur inn á við

Þegar horft er til framtíðar í Suðurnesjabæ, **hverjir eru styrkleikarnir**?

Ef áhersla er á vöxt þéttbýlis inn á við og gönguvænt umhverfi innan þéttbýlis, þá er mikilvægt að greina styrkleikana í því fyrir íbúa og samfélagið til framtíðar.

- Hagkvæm nýting lands.
- Hagkvæmir innviðir, þ.e. lagnir og götur, miðað við stefnu um útþenslu þéttbýlis.
- Stefnan stuðlar að varðveislu náttúruminja á svæðinu.
- Styður við sjálfbærni daglegs lífs íbúa, svo sem vegna styttri vegalengda innan þéttbýlis og aukins gönguhæfis byggðar.
- Getur skapað þróttmikla byggð.
- Ný ásýnd byggðar og byggðamynstur, þ.e. lögun og yfirbragð byggðar.
- Hagkvæmt byggðamynstur sem myndar samfellt landslag innan þéttbýlis.
- Nálægð við náttúruna.

Þegar Suðurnesjabær undirbýr sig fyrir framtíðina, **hverjir eru veikleikarnir**?

Ef áhersla er á vöxt þéttbýlis inn á við og gönguvænt umhverfi innan þéttbýlis, þá er mikilvægt að greina veikleika í nærumhverfinu sem gætu hamlað íbúum eða samfélaginu til framtíðar.

- Getur verið flókin aðlögun nýrrar byggðar að eldri byggð, svo sem hvað varðar yfirbragð byggðar og hæð húsa.
- Verndarsvæði í byggð kann að hefta vöxt þéttbýlis inn á við.
- Þung umferð er um þéttbýlið, einkum um þjóðvegi í þéttbýli.
- Áskoranir eru hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist, ef ekki tekst að lækka umferðarhraða.
- Aðgreining atvinnustarfsemi og íbúðarbyggðar gæti reynst erfið.
- Möguleg áhrif eru á menningarminjar innan þéttbýlis.

Vöxtur inn á við

Í ytra umhverfi Suðurnesjabæjar, hverjar eru helstu **ógnir**?

Það sem ógnar því að uppbygging inn á við verði árangursrík.

- Þeir sem kjósa að búa í Suðurnesjabæ eru e.t.v. ekki að sækjast eftir að búa í þéttri byggð.
- Fælir frá plássfreka starfsemi.
- Samkeppni við sambærilega byggð á höfuðborgarsvæðinu.
- Viðvarandi óþægindi og truflun fyrir íbúa og gesti vegna framkvæmda innan byggðar, þ.e. meðan framkvæmdir standa yfir.
- Skerðing á útsýni.
- Aukin áhersla er á byggð á og við lágsvæði.

Í hverju liggja helstu **tækifæri** Suðurnesjabæjar?

Tækifæri sem skapast við að beina vexti þéttbýlis inn á við og skapa gönguvænt umhverfi.

- Tækifæri er til að auka þjónustu fyrir heimamenn í göngufæri.
- Tækifæri er til að auka gæði byggðar og sjálfbærni daglegs lífs.
- Tilhögun byggðarinnar er líkleg til að draga fram skemmtilegan og lifandi bæjarbrag.
- Gefur kost á fjölbreyttum húsnæðiskostum.
- Tækifæri er til að styrkja ásýnd og ímynd, byggt á staðaranda.
- Gefur kost á að vernda og viðhalda náttúrusvæðum í jaðri þéttbýlis.
- Gefur kost á að stjórna álagi vegna vaxandi fjölda ferðamanna.

Tenging milli Garðs og Sandgerðis

Þegar horft er til framtíðar í Suðurnesjabæ, **hverjir eru styrkleikarnir**?

Ef áhersla er á að beina vexti þéttbýlis að svæðum milli núverandi þéttbýlisstaða og uppbyggingu hjóla- og gönguleiða milli staðanna, þá er mikilvægt að greina styrkleikana í því fyrir íbúa og samfélagið í heild til framtíðar.

- Tækifæri er til að tengja þéttbýlisstaðina betur saman.
- Skapar sameiginlegt framtíðar þróunarsvæði.
- Gefur kost á að byggja upp þjónustu sem nýtist báðum þéttbýlisstöðunum.
- Auðveld aðlögun nýrrar byggðar er að eldri byggð hvað varðar stærð bygginga og skala.
- Styður að einhverju marki við verndun og viðhald menningarminja.
- Auðvelt er að aðgreina atvinnustarfsemi og íbúðarbyggð.
- Gefur kost á nýrri atvinnustarfsemi sem eykur fjölbreytni atvinnulífs.
- Gefur kost á að auka ræktun, styrkja gróður og að byggja upp aðstöðu fyrir útivist og íþróttir milli þéttbýlisstaðanna.

Þegar Suðurnesjabær undirbýr sig fyrir framtíðina, **hverjir eru veikleikarnir**?

Ef áhersla er á að beina vexti þéttbýlis að svæðum milli núverandi þéttbýlisstaða og uppbyggingu hjóla- og gönguleiða milli staðanna, þá er mikilvægt að greina veikleika í nærumhverfinu sem gætu hamlað íbúum eða samfélaginu til framtíðar.

- Nýtt land er brotið undir byggð og nýting lands er tiltölulega óhagkvæm.
- Allir innviðir, þ.e. lagnir og götur, verða tiltölulega umfangsmiklir.
- Áhrif á náttúruminjar, þrengir að búsvæðum.
- Áfram er talsverð umferð um þéttbýlið, þ.e. um þjóðvegi í þéttbýli, ef ekki kemur til aðgerða til að létta á umferð (t.d. ofanbyggðavegur).
- Áskoranir eru hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist.
- Neikvæð áhrif eru á vatnsverndarsvæði.
- Styður ekki við sjálfbærni daglegs lífs íbúa hvað varðar vegalengdir innan þéttbýlis og gönguhæfi byggðar.
- Áskorun er að byggja upp hagkvæmt byggðamynstur, þ.e. lögun og yfirbragð byggðar, sem myndar samfellt landslag innan þéttbýlis.

Tenging milli Garðs og Sandgerðis

Í ytra umhverfi Suðurnesjabæjar, hverjar eru helstu **ógnir**?

Það sem ógnar því að stefna um tengsl milli Garðs og Sandgerðis verði árangursrík.

- Umfangsmikið svæði er á milli þéttbýlisstaðanna og það tekur mjög langan tíma að byggja það upp svo að það myndi heild.
- Óljóst hvort eftirspurn er eftir þessu þróunarsvæði til langs tíma litið.
- Dregur áhersluna frá sjávarsíðunni sem hefur verið lífæð þéttbýlismyndunar í sögulegu samhengi.
- Verndaráherslur hins opinbera kunna að setja skorður fyrir þróun þéttbýlis á þessu svæði.
- Uppbygging á nýju landi er líkleg til að draga áhersluna frá gæðum eldri byggðar.
- Kostnaður við þjónustu sveitarfélagsins.

Í hverju liggja helstu **tækifæri** Suðurnesjabæjar?

Tækifæri sem skapast við að beina vexti þéttbýlis að svæðum milli núverandi þéttbýlisstaða.

- Tækifæri er til samvinnu og samstarfs meðal íbúa um sameiginleg viðfangsefni, s.s. íþróttamannvirki.
- Tryggir vöxt sveitarfélagsins til framtíðar.
- Tækifæri er til endurskoðunar á umferðaleiðum, svo sem með ofanbyggðavegum.
- Gefur kost á að byggja upp nýja ímynd fyrir Suðurnesjabæ.
- Tækifæri er til að laða að plássfreka atvinnustarfsemi.
- Gefur kost á margs konar nýsköpun, eins og uppbyggingu vistþorps eða lítilla íbúðaeininga.

Vöxtur út á við

Þegar horft er til framtíðar í Suðurnesjabæ, hverjir eru styrkleikarnir?

Ef áhersla er á vöxt þéttbýlis út á við og að létta á umferð um þéttbýlið, þá er mikilvægt að greina styrkleikana í því fyrir íbúa og samfélagið til framtíðar.

- Hentugt byggingarland í jaðri núverandi byggðar er nýtt til uppbyggingar.
- Umferð er létt af þéttbýlinu, svo sem með hjáleið.
- Bætt umferðaröryggi og hljóðvist er við þjóðvegi í þéttbýli.
- Auðveld aðlögun er að eldri byggð.
- Gefur kost á að taka tillit til menningarminja á svæðinu.
- Gefur kost á að auka ræktun, styrkja gróður og að byggja upp aðstöðu fyrir íþróttir og útivist í jaðri byggðar.
- Gefur kost á byggðamynstri, þ.e. lögun og yfirbragð byggðar, sem myndar heilt yfir samfellt landslag innan þéttbýlis.

Þegar Suðurnesjabær undirbýr sig fyrir framtíðina, hverjir eru veikleikarnir?

Ef áhersla er á vöxt þéttbýlis út á við og að létta á umferð um þéttbýlið, þá er mikilvægt að greina veikleika í umhverfinu sem gætu hamlað íbúum eða samfélaginu til framtíðar.

- Nýtt land er brotið undir byggð.
- Áskorun er að byggja upp hagkvæmt byggðamynstur.
- Um er að ræða tiltölulega óhagkvæma nýtingu lands ef vöxtur þéttbýlis fer einvörðungu fram á nýju landi.
- Allir innviðir, þ.e. lagnir og götur, verða tiltölulega umfangsmiklir.
- Neikvæð áhrif eru á náttúruminjar, þ.e. þrengir að búsvæðum.
- Styður að óverulegu leyti við sjálfbærni daglegs lífs íbúa hvað varðar vegalengdir innan þéttbýlis og gönguhæfi byggðar.

Vöxtur út á við

Í ytra umhverfi Suðurnesjabæjar, hverjar eru helstu **ógnir**?

Það sem ógnar því að uppbygging út á við verði árangursrík.

- Samkeppni er við sambærilega byggð á Suðurnesjum eða annars staðar í jaðri höfuðborgarsvæðisins.
- Vaxandi kostnaður er við þjónustu sveitarfélagsins.
- Dregur áhersluna frá sjávarsíðunni sem hefur verið lífæð þéttbýlismyndunar í sögulegu samhengi.
- Verndaráherslur hins opinbera kunna að setja skorður fyrir þróun þéttbýlis á þessu svæði.
- Uppbygging á nýju landi er líkleg til að draga áhersluna frá gæðum eldri byggðar.

Í hverju liggja helstu **tækifæri** Suðurnesjabæjar?

Tækifæri sem skapast við að beina vexti þéttbýlis út á við og létta á umferð um þéttbýlið.

- Þeir sem kjósa að búa í Suðurnesjabæ eru líklega að sækjast eftir byggðamynstri eins og því sem valkosturinn felur í sér.
- Tryggir vöxt sveitarfélagsins til framtíðar.
- Gefur að einhverju marki kost á fjölbreyttum húsnæðiskostum.
- Tækifæri er til að laða að plássfreka atvinnustarfsemi.
- Tækifæri er til að styrkja ásýnd og ímynd byggðar.
- Gefur að einhverju marki kost á að stjórna álagi vegna vaxandi fjölda ferðamanna með skilgreiningu þjónustustaða ferðamanna miðsvæðis eða við aðkomuleiðir að þéttbýlinu.

3.5 Umhverfisáhrif valkosta um þróun byggðar

Í kaflanum er sett fram umhverfismat valkosta um stefnu í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar, þ.e. valkosta sem skilgreindir eru í kafla 3.3 og vægiseinkunn sem skilgreind er í kafla 2.2.

Sjálfbært og aðlaðandi samfélag

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Vöxtur inn á við	Tenging milli Garðs og Sandgerðis	Vöxtur út á við
Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra • Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis?	Stefnan gerir ráð fyrir að gróið land verði brotið undir nýja byggð. Framkvæmdin hefur í för með sér rask á jarðvegi sem veldur að einhverju marki losun gróðurhúsalofttegunda	Stefnan gerir ekki ráð fyrir að nýtt land verði brotið undir nýja byggð, en uppbyggingin hefur þó í för með sér rask á jarðvegi sem veldur losun gróðurhúsalofttegunda. Á móti kemur að þétt byggð er líkleg til að vera sjálfbær	Stefnan gerir ráð fyrir að nýtt land verði brotið undir nýja byggð og það hefur í för með sér rask á gróðri og jarðvegi sem veldur losun gróðurhúsalofttegunda. Stefnan felur í sér mikla útþenslu byggðar sem er líkleg til að vera ósjálfbær	Stefnan gerir ráð fyrir að nýtt land verði brotið undir nýja byggð og það hefur í för með sér rask á gróðri og jarðvegi sem veldur losun gróðurhúsalofttegunda. Stefnan felur í sér útþenslu byggðar sem er líkleg til að vera ósjálfbær
• Stuðlar stefnan að viðbrögðum við loftslagsbreytingum svo sem vegna hækkunar sjávarborðs?	Óveruleg áhrif	Stefnan getur haft í för með sér áskoranir hvað varðar hættu af völdum sjávarflóða	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif
Vistkerfi á landi • Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. friðlýst svæði, fólkvanga og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli vera friðlýst?	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif
• Hefur stefnan áhrif á lykilvistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land?	Stefnan hefur að einhverju marki áhrif á gróið land	Óveruleg áhrif	Stefnan hefur áhrif á mikilvæg fuglasvæði og gróið land á nokkuð stóru svæði	Stefnan hefur að einhverju marki áhrif á mikilvæg fuglasvæði og gróið land, þ.e. sem nemur vexti þéttbýlisins
• Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m^2, sjávarfitjar og leirur og fossa?	Engin áhrif	Engin áhrif, að því gefnu að vötn eða tjarnir verði ekki skertar vegna nýrrar byggðar	Engin áhrif, að því gefnu að vötn eða tjarnir verði ekki skertar vegna nýrrar byggðar	Engin áhrif, að því gefnu að vötn eða tjarnir verði ekki skertar vegna nýrrar byggðar
Umhverfi hafsins og auðlindir þess • Hefur stefnan áhrif á vistkerfi strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	Óveruleg áhrif, að því gefnu að frárennslismál verði í góðu horfi til framtíðar	Óveruleg áhrif, að því gefnu að frárennslismál verði í góðu horfi til framtíðar	Óveruleg áhrif, að því gefnu að frárennslismál verði í góðu horfi til framtíðar	Óveruleg áhrif, að því gefnu að frárennslismál verði í góðu horfi til framtíðar

Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Vöxtur inn á við	Tenging milli Garðs og Sandgerðis	Vöxtur út á við
Sjálfbær hagvöxtur og fjölbreytt atvinnutækifæri • Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	Stefnan er líkleg til að tryggja nægt landrými fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi til næstu framtíðar	Stefnan takmarkar að einhverju marki uppbyggingu atvinnusvæða, einkum fyrir landfreka starfsemi	Stefnan er líkleg til að tryggja nægt landrými fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi til framtíðar	Stefnan er líkleg til að tryggja nægt landrými fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi til framtíðar
• Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf á svæðinu?	Stefnan veitir nægt svigrúm fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í þéttbýlinu	Stefnan, sem leggur áherslu á endurskipulagningu byggðar, bætta ásýnd og byggðamynstur, er líkleg til að skapa áhugaverða umgjörð um ferðaþjónustu í þéttbýlinu til framtíðar	Stefnan veitir nægt svigrúm fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í þéttbýlinu til framtíðar	Stefnan veitir nægt svigrúm fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í þéttbýlinu til framtíðar
Sjálfbær neysla og framleiðsluaðferðir • Stuðlar stefnan að endurvinnslu og endurnýtingu?	Óveruleg áhrif	Þétt byggð er líkleg til að auðvelda uppbyggingu innviða fyrir endurvinnslu og endurnýtingu	Stefna sem felur í sér dreifða byggð er líkleg til að torvelda uppbyggingu innviða fyrir endurvinnslu og endurnýtingu	Stefna sem felur í sér dreifða byggð er líkleg til að torvelda uppbyggingu innviða fyrir endurvinnslu og endurnýtingu
Viðnámsþol innviða og nýsköpun • Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	Stefnan tekur óverulega á þeim áskorunum sem blasa við hvað varðar vaxandi umferð um þéttbýlið, þ.e. um þjóðvegi um þéttbýlið	Stefnan leggur áherslu á göngu- og hjólavænt umhverfi innan þéttbýlis	Allir innviðir, þ.e. lagnir og götur, verða tiltölulega umfangsmiklir. Stefnan leggur áherslu á aukin tengsl milli þéttbýlisstaðanna og tekur að einhverju marki á vaxandi umferð um þjóðvegi í gegnum þéttbýlið	Allir innviðir, þ.e. lagnir og götur, verða tiltölulega umfangsmiklir. Stefnan tekur á þeim áskorunum sem blasa við hvað varðar vaxandi umferð um þjóðvegi í gegnum þéttbýlið

Traustir og hagkvæmir innviðir

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Vöxtur inn á við	Tenging milli Garðs og Sandgerðis	Vöxtur út á við
Aðgengi að hreinu vatni og sjálfbær nýting þess • Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	Engin áhrif	Engin áhrif	Stefnan er líkleg til að hafa verulega neikvæð áhrif á núverandi vatnsverndarsvæði, þ.e. fjarsvæði, á stóru svæði	Stefnan er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á núverandi vatnsverndarsvæði, þ.e. fjarsvæði
Aðgengi að áreiðanlegri og sjálfbærri orku • Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	Stefnan stuðlar að óverulegu leyti að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum	Stefna er líkleg til að skapa umgjörð fyrir gott gönguhæfi byggðar og sjálfbærar samgöngur. Þétt byggð auðveldar einnig uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti í samgöngum	Við skipulag byggðar gefst tækifæri til að byggja upp innviði fyrir orkuskipti í samgöngum	Við skipulag byggðar gefst tækifæri til að byggja upp innviði fyrir orkuskipti í samgöngum
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum • Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu?	Stefna sem felur í sér vöxt þéttbýlis og fjölgun íbúa til framtíðar er líkleg til að skjóta styrkari stoðum undir nærþjónustu	Stefna sem felur í sér vöxt þéttbýlis og fjölgun íbúa til framtíðar er líkleg til að skjóta styrkari stoðum undir nærþjónustu. Auk þess er líklegt að nærþjónusta verði aðgengileg í göngufæri	Stefna sem felur í sér vöxt þéttbýlis og fjölgun íbúa til framtíðar er líkleg til að skjóta styrkari stoðum undir nærþjónustu	Stefna sem felur í sér vöxt þéttbýlis og fjölgun íbúa til framtíðar er líkleg til að skjóta styrkari stoðum undir nærþjónustu
• Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	Óveruleg áhrif	Stefnan stuðlar að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum með áherslu á hagkvæmt byggðamynstur, gönguhæfi byggðar og sjálfbærni daglegs lífs	Stefnan stuðlar að einhverju leyti að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum með bættum tengslum milli þéttbýlisstaðanna	Stefnan stuðlar að einhverju leyti að auknu gönguhæfi byggðar með því að létta bílaumferð af þéttbýlinu, þ.e. af þjóðvegi í gegnum þéttbýlið
• Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	Stefnan felur í sér að nýta fyrirliggjandi þróunarsvæði í aðalskipulagi, en í henni er að einhverju leyti séð fyrir húsnæðiskostum fyrir alla. Einnig er séð fyrir grunnþjónustu í sveitarfélaginu eða nærliggjandi sveitarfélögum	Stefnan er líkleg til að stuðla að fjölbreyttum húsnæðiskostum. Einnig er stefnan líkleg til að skjóta stoðum undir grunnþjónustu þar sem gert er ráð fyrir vexti þéttbýlis og fjölgun íbúa til framtíðar. Auk þess er líklegt að grunnþjónustan verði aðgengileg í göngufæri	Stefnan er líkleg til að stuðla að fjölbreyttum húsnæðiskostum. Einnig er stefnan líkleg til að skjóta stoðum undir grunnþjónustu þar sem gert er ráð fyrir vexti þéttbýlis og fjölgun íbúa til framtíðar.	Stefnan er líkleg til að stuðla að fjölbreyttum húsnæðiskostum. Einnig er stefnan líkleg til að skjóta stoðum undir grunnþjónustu þar sem gert er ráð fyrir vexti þéttbýlis og fjölgun íbúa til framtíðar.

Vel menntað og heilbrigt samfélag

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Vöxtur inn á við	Tenging milli Garðs og Sandgerðis	Vöxtur út á við
Heilbrigt líferni og vellíðan íbúa • Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Umferð um þjóðveg í gegnum þéttbýlið er áskorun hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist	Stefnan felur í sér áherslu á gönguvænt umhverfi innan þéttbýlis, sem gæti m.a. falist í að hægja á umferð sem hefur jákvæð áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist. Að öðru leyti tekur stefnan óverulega á áhrifum af umferð. Möguleg truflun á meðan framkvæmdir standa yfir	Stefnan gefur tækifæri til að létta á umferð um þéttbýlið, svo sem með hjáleið, og styrkja hjóla- og göngutengsl milli þéttbýlisstaðanna. Að öðru leyti tekur stefnan óverulega á áhrifum af umferð	Stefnan felur í sér áherslu á að létta á umferð um þéttbýlið með hjáleið og styrkja hjóla- og gönguleiðir innan þéttbýlis
• Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Almennt er mjög gott aðgengi að útivistarsvæðum og íþróttaaðstöðu í og við þéttbýli	Ef stefnan kemur til framkvæmda má reikna með mjög góðu aðgengi að útivistarsvæðum og íþróttaaðstöðu í og við þéttbýli. Auk þess mun stefnan stuðla að sjálfbærni daglegs lífs með góðu gönguhæfi byggðar	Ef stefnan kemur til framkvæmda má reikna með mjög góðu aðgengi að útivistarsvæðum og íþróttaaðstöðu í og við þéttbýli	Ef stefnan kemur til framkvæmda má reikna með mjög góðu aðgengi að útivistarsvæðum og íþróttaaðstöðu í og við þéttbýli
• Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	Þörf er á að skilgreina nánar almenningsrými svo og að mynda skjól og styrkja gróður	Stefna með áherslu á endurskipulagningu þéttbýlis og aukið gönguhæfi byggðar er líkleg til að efla almenningsrými og bæta aðstöðu á þeim með tilliti til skjólmyndunar og fjölbreyttra nýtingarmöguleika	Stefnan er að einhverju marki líkleg til að efla almenningsrými, einkum á nýjum þróunarsvæðum milli þéttbýlisstaðanna	Stefnan er að einhverju marki líkleg til að efla almenningsrými, einkum í tengslum við nýja byggð
Verndun og varðveisla sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi • Stuðlar stefnan að líffræðilegum fjölbreytileika?	Að óbreyttu er ekki líklegt að líffræðilegur fjölbreytileiki aukist	Stefnan felur í sér aukið nýtingarhlutfall en jafnframt aukin gæði bæjarumhverfisins hvað varðar gróður. Áherslur á endurskipulagningu þéttbýlis eru heilt yfir líklegar til að auka líffræðilegan fjölbreytileika	Stefnan er almennt séð líkleg til að stuðla að auknum líffræðilegum fjölbreytileika innan þéttbýlis. Á móti getur ný byggð valdið skerðingu á búsvæðum	Stefnan er almennt séð líkleg til að stuðla að auknum líffræðilegum fjölbreytileika innan þéttbýlis. Á móti getur ný byggð valdið skerðingu á búsvæðum
• Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	Óveruleg áhrif	Stefnan felur í sér aukin gæði umhverfis og samfellt landslag innan þéttbýlis	Áskorun er að byggja upp hagkvæmt byggðamynstur og samfellt landslag í og við þéttbýli	Stefnan gefur kost á byggðamynstri sem myndar samfellt landslag innan þéttbýlis
• Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	Fornleifaskráning hefur farið fram á skipulögðu uppbyggingarlandi	Óveruleg áhrif miðað við fyrirliggjandi fornleifaskráningu	Óvissa með áhrif þar sem fornleifaskráning hefur ekki farið fram á nýjum uppbyggingarsvæðum	Óvissa með áhrif þar sem fornleifaskráning hefur ekki farið fram á á nýjum svæðum
• Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum?	Þörf er á að styrkja ásýnd og ímynd innan þéttbýlis á afmörkuðum svæðum	Stefnan veitir tækifæri til að styrkja ásýnd og ímynd byggðar, byggt á staðaranda	Stefnan er líkleg til að auðvelda aðlögun nýrrar byggðar að eldri byggð hvað varðar stærð bygginga og skala	Stefnan er líkleg til að auðvelda aðlögun nýrrar byggðar að eldri byggð hvað varðar stærð bygginga og skala

Samlegðaráhrif valkosta um þróun byggðar

	Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Vöxtur inn á við	Tenging milli Garðs og Sandgerðis	Vöxtur út á við
Sjálfbært og aðlaðandi samfélag	**Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra** Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis?	-	++	- -	-
	Stuðlar stefnan að viðbrögðum við loftslagsbreytingum svo sem vegna hækkunar sjávarborðs?	0	-	0	0
	Vistkerfi á landi Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. friðlýst svæði, fólkvanga og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli vera friðlýst?	0	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land?	-	0	- -	-
	Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m^2, sjávarfitjar og leirur og fossa?	0	0	0	0
	Umhverfi hafsins og auðlindir þess Hefur stefnan áhrif á vistkerfi strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	0	0	0	0
Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf	**Sjálfbær hagvöxtur og fjölbreytt atvinnutækifæri** Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	+	-	++	++
	Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf á svæðinu?	+	++	+	+
	Sjálfbær neysla og framleiðsluaðferðir Stuðlar stefnan að endurvinnslu og endurnýtingu?	0	+	-	-
	Viðnámsþol innviða og nýsköpun Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	-	++	-	-
Traustir og hagkvæmir innviðir	**Aðgengi að hreinu vatni og sjálfbær nýting þess** Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	0	0	- -	-
	Aðgengi að áreiðanlegri og sjálfbærri orku Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	-	++	+	+
	Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu?	+	++	+	+
	Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	0	++	+	+
	Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	+	++	+	+

	Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Vöxtur inn á við	Tenging milli Garðs og Sandgerðis	Vöxtur út á við
Vel menntað og heilbrigt samfélag	**Heilbrigt líferni og vellíðan íbúa** Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	-	+	+	++
	Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	++	++	+	+
	Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	- -	++	+	+
	Verndun og varðveisla sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi Stuðlar stefnan að líffræðilegum fjölbreytileika?	-	+	- -	- -
	Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	0	++	-	+
	Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	0	0	?	?
	Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum?	-	++	+	+

3.6 Samantekt greiningar um þróun byggðar í Garði og Sandgerði

Núll-kostur

SVÓT greiningin leiðir í ljós að íbúarnir eru tiltölulega ánægðir með sitt sveitarfélag og gæði umhverfis. Þeir virðast almennt ánægðir með þá þjónustu sem er í boði en áskoranir eru t.d. varðandi þjónustu við aldraða og heilsugæslu. Í skipulagi er fyrirliggjandi nægilegt og hentugt byggingarland til uppbyggingar á næstu árum. Ákveðnar áskoranir eru þó í skipulagi þéttbýlis, svo sem hvað varðar umferð um þjóðvegi um þéttbýlisstaðina, öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og gönguhæfi byggðar. Einnig er víða vöntun á skjóli og trjágróðri.

Helstu ógnanir felast í almennri efnahagsþróun, samsetningu atvinnulífs og vöntun á viðnámsþrótti og seiglu gangvart efnahags- og samfélagsbreytingum. Til lengri tíma litið eru tækifæri til að styrkja ímynd og staðaranda þéttbýlisstaðanna, skilgreina sérstöðu þeirra og bjóða upp á lóðir fyrir fjölbreytta uppbyggingu íbúða og atvinnuhúsnæðis. Fjölmörg tækifæri eru til að byggja á styrkleikum Sandgerðis og Garðs sem felast m.a. í staðsetningu í jaðri höfuðborgarsvæðisins en í nálægð við alþjóðaflugvöllinn. Tækifærin eru þó ekki síður í sterkum tengslum við söguna, þ.e. við strandmenningu, landbúnað, íþróttahefð og skapandi greinar.

Við mat á umhverfisáhrifum Núll-kosts kemur í ljós að samkvæmt gildandi aðalskipulagi er að hluta til um að ræða uppbyggingu á óbrotnu landi sem veldur losun gróðurhúsalofttegunda. Að óbreyttu verða ekki byggðir upp innviðir fyrir orkuskipti og stefnan hefur óveruleg áhrif á vistvæna samgöngumáta og stefnan er því líkleg til að hafa neikvæð áhrif á loftslagsmál.

Í Sandgerði.

Sá vöxtur sem rúmast innan núverandi aðalskipulagsáætlana er talinn hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf, hann skýtur styrkari stoðum undir nærþjónustu og stefnan styður markmið um uppbyggingu húsnæðis fyrir alla tekjuhópa. Núll-kostur tekur ekki á þeim áskorunum sem blasa við hvað varðar umferð um þéttbýlið og umferðaröryggi og hljóðvist og hefur neikvæð áhrif á þá þætti. Í núverandi byggð er gott aðgengi að útivistarsvæðum og íþróttaaðstöðu. Að óbreyttu verður þó ekki um að ræða úrbætur í ásýnd svæða innan þéttbýlis, almenningsrými verða ekki efld eða líffræðilegur fjölbreytileiki aukinn. Umhverfisáhrif á þessa þætti eru metin verulega neikvæð eða neikvæð.

Vöxtur inn á við

SVÓT greiningin leiðir í ljós styrkleika þess að þéttbýlið vaxi inn á við. Stefnan er líkleg til að stuðla að hagkvæmri nýtingu lands og hagkvæmum innviðum. Jafnframt styður stefnan sjálfbærni daglegs lífs íbúa þar sem byggðin þéttist, vegalengdir innan þéttbýlis styttast og gönguhæfi byggðarinnar eykst. Um er að ræða hagkvæmt byggðamynstur og við endurskipulagningu gefst tækifæri til að skapa þróttmikla vistvæna byggð í góðum tengslum við náttúruna. Ókostirnir hvað varðar vöxt inn á við eru ekki síst flókin aðlögun að eldri byggð og þeirri starfsemi sem þar er. Umferð um þéttbýlið gæti reynst flókið viðfangsefni svo og áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist.

Helsta ógnin sem steðjar að ef þessi stefna yrði ofan á er samkeppnin við sambærilega byggð á höfuðborgarsvæðinu, en þeir sem kjósa að búa í Suðurnesjabæ eru e.t.v. ekki að sækjast eftir að búa í þéttri byggð. Þéttingin gæti auk þess fælt frá plássfreka starfsemi. Framkvæmdir á þéttingarsvæðum geta einnig haft í för með sér viðvarandi truflun fyrir íbúa og gesti. Vöxtur inn á við hefur í för með sér fjölmörg tækifæri, svo sem að auka gæði byggðarinnar og sjálfbærni daglegs lífs og skapa lifandi og skemmtilegan bæjarbrag. Þéttingin gefur einnig kost á fjölbreyttum húsnæðiskostum fyrir alla tekjuhópa.

Heilt yfir hefur stefna um vöxt þéttbýlis inn á við jákvæð eða verulega jákvæð áhrif á fjölmarga umhverfisþætti sem voru til skoðunar í umhverfismatinu. Neikvæðu umhverfisáhrifin af þéttingu byggðar eru vel þekkt og felast m.a. í því að truflun kann að verða á uppbyggingartímanum og að ekki rúmast allar gerðir starfsemi innan slíkrar byggðar.

Í Garði.

Stefnan hefur verulega jákvæð áhrif á loftslagsmál þar sem gert er ráð fyrir þéttri sjálfbærri byggð. Mögulega eru neikvæð áhrif af hækkun sjávarborðs þar sem byggðin verður í auknum mæli á eða við lágsvæði. Stefnan takmarkar að einhverju marki uppbyggingu á landfrekri starfsemi og er líkleg til að hafa almennt neikvæð áhrif á slíka atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Á hinn bóginn er líklegt að bætt ásýnd og byggðamynstur skapi áhugaverða umgjörð um ferðaþjónustu í þéttbýlinu til framtíðar og hafi verulega jákvæð áhrif á þann þátt. Stefnan er auk þess líkleg til að stuðla að sjálfbærum og heilsusamlegum samgöngum, þ.e. göngu- og hjólavænu umhverfi innan þéttbýlis. Hún auðveldar uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti, endurvinnslu og endurnýtingu. Líklegt er að nærþjónusta eflist.

Tenging milli Garðs og Sandgerðis

SVÓT greiningin leiðir í ljós fjölmarga kosti þess að tengja saman þéttbýlisstaðina Garð og Sandgerði. Með þeirri stefnu gefst tækifæri til að skapa sameiginlegt þróunarsvæði milli þéttbýlisstaðanna, byggja upp þjónustu sem nýtist báðum stöðum og nýja atvinnustarfsemi sem þarf mikið pláss. Stefnan gefur kost á að aðgreina atvinnustarfsemi og íbúðarbyggð og aðlögun að eldri byggð er auðveld hvað varðar skala og stærð bygginga. Stefnan gefur kost á að auka ræktun, styrkja gróður og að byggja upp aðstöðu fyrir útivist og íþróttir milli þéttbýlisstaðanna. Ókostirnir felast m.a. í því að nýtt land er brotið undir byggð og það stuðlar að tiltölulega óhagkvæmri nýtingu lands og byggðamynstri. Allir innviðir verða tiltölulega umfangsmiklir. Stefnan stuðlar að óverulegu leyti að sjálfbærni daglegs lífs íbúa hvað varðar vegalengdir innan þéttbýlis og gönguhæfi byggðar. Uppbyggingin hefur áhrif á búsvæði og vatnsverndarsvæði. Áfram verður talsverð umferð um þéttbýlið, þ.e. um þjóðvegi í þéttbýli, ef ekki kemur til aðgerða til að létta á umferð (t.d. ofanbyggðavegur).

Helstu ógnanir eru að uppbyggingin er dýr fyrir sveitarfélagið. Einnig er samkeppni við sambærilega byggð á Suðurnesjum eða annars staðar í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Uppbygging á nýju landi er líkleg til að draga áhersluna frá gæðum eldri byggðar. Tækifæri Suðurnesjabæjar felast einkum í samvinnu og samstarfi meðal íbúa um sameiginleg viðfangsefni. Það er einnig tækifæri til að laða að plássfreka atvinnustarfsemi. Það gefur kost á að byggja upp nýja ímynd fyrir Suðurnesjabæ, nýsköpun eins og uppbyggingu vistþorps eða lítilla íbúðaeininga.

Umhverfismat stefnunnar leiðir í ljós að hún hefur heilt yfir bæði jákvæð og neikvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem voru til skoðunar. Stefnan hefur verulega neikvæð áhrif á loftslagsmál. Hún leiðir til skerðingar á mikilvægum fuglasvæðum og vatnsverndarsvæðum og hefur einnig verulega neikvæð áhrif á þá þætti. Áskorun er að byggja upp hagkvæmt byggðamynstur og samfellt landslag í og við þéttbýlið. Allir innviðir verða tiltölulega umfangsmiklir og dýrir og endurvinnsla og endurnýting verður torsótt í svo dreifðri byggð. Stefnan hefur hins vegar mjög jákvæð áhrif á atvinnulíf þar sem nægt landrými er tryggt til framtíðar fyrir fjölbreytta starfsemi. Það gefst tækifæri til að byggja upp innviði fyrir orkuskipti í samgöngum og að einhverju leyti stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum með bættum tengslum milli þéttbýlisstaðanna.

Við Sandgerði, Byggðavegur.

Stefna sem felur í sér vöxt þéttbýlis og fjölgun íbúa til framtíðar er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á nærþjónustu og stuðla að fjölbreyttum húsnæðiskostum. Stefnan gefur kost á að létta á umferð um þéttbýlið, svo sem með hjáleið, og styrkja hjóla- og göngutengsl milli þéttbýlisstaðanna. Að öðru leyti tekur stefnan óverulega á áhrifum af umferð. Ef stefnan kemur til framkvæmda má reikna með mjög góðu aðgengi að útivistarsvæðum og íþróttaaðstöðu í og við þéttbýlið, en þó ekki að öllu leyti í göngufæri. Óvissa

er með áhrif á fornleifar þar sem fornleifaskráning hefur ekki farið fram á fyrirhuguðum uppbyggingarsvæðum.

Vöxtur út á við

SVÓT greiningin leiðir í ljós fjölmarga kosti þess að þéttbýlið í Garði og Sandgerði vaxi út á við. Með þeirri stefnu gefst tækifæri til að bæta umferðaröryggi og hljóðvist við þjóðvegi í þéttbýli og aðlögun að eldri byggð er tiltölulega auðveld. Stefnan gefur kost á byggðamynstri sem myndar samfellt landslag innan þéttbýlis, að styrkja gróður og að byggja upp aðstöðu fyrir útivist í jaðri byggðar. Ókostirnir felast m.a. í því að nýtt land er brotið undir byggð og það stuðlar að tiltölulega óhagkvæmri nýtingu lands og byggðamynstri. Allir innviðir verða tiltölulega umfangsmiklir. Stefnan stuðlar að óverulegu leyti að sjálfbærni daglegs lífs íbúa hvað varðar vegalengdir innan þéttbýlis og gönguhæfi byggðar. Uppbyggingin þrengir að búsvæðum.

Helstu ógnanir eru að uppbyggingin er dýr fyrir sveitarfélagið. Einnig er óljóst hvort eftirspurn er eftir þessu þróunarsvæði til langs tíma litið. Uppbygging á nýju landi er líkleg til að draga áhersluna frá gæðum eldri byggðar og sögulegt samhengi sjávarbyggðarinnar rofnar. Tækifæri Suðurnesjabæjar felast einkum í að þeir sem kjósa að búa í Suðurnesjabæ eru líklega að sækjast eftir byggðamynstri eins og því sem valkosturinn felur í sér. Það er einnig tækifæri til að laða að plássfreka atvinnustarfsemi. Það gefur kost á að byggja upp nýja ímynd fyrir Suðurnesjabæ og að einhverju marki að stjórna álagi vegna vaxandi fjölda ferðamanna með skilgreiningu þjónustustaða ferðamanna miðsvæðis eða við aðkomuleiðir að þéttbýlinu.

Umhverfismat stefnunnar leiðir í ljós að hún hefur heilt yfir bæði jákvæð og neikvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem voru til skoðunar. Stefnan hefur neikvæð áhrif á loftslagsmál og hún leiðir að einhverju marki til skerðingar á mikilvægum fuglasvæðum og vatnsverndarsvæðum og hefur einnig neikvæð áhrif á þá þætti. Áskorun er að byggja upp hagkvæmt byggðamynstur í þéttbýlinu. Allir innviðir verða tiltölulega umfangsmiklir og dýrir og endurvinnsla og endurnýting verður torsótt í svo dreifðri byggð. Stefnan hefur hins vegar mjög jákvæð áhrif á atvinnulíf þar sem nægt landrými er tryggt til framtíðar fyrir fjölbreytta starfsemi. Það gefst tækifæri til að byggja upp innviði fyrir orkuskipti í samgöngum og að einhverju leyti að leggja drög að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum.

Í Garði.

Stefna sem felur í sér vöxt þéttbýlis og fjölgun íbúa til framtíðar er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á nærþjónustu og stuðla að fjölbreyttum húsnæðiskostum. Stefnan felur í sér að létta á umferð um þéttbýlið með hjáleið og hefur mjög jákvæð áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist. Ef stefnan kemur til framkvæmda má reikna með mjög góðu aðgengi að útivistarsvæðum og íþróttaaðstöðu í þéttbýlinu. Óvissa er með áhrif á fornleifar þar sem fornleifaskráning hefur ekki farið fram á fyrirhuguðum uppbyggingarsvæðum.

3.7 Umræður um útfærslu stefnu

Til að varpa ljósi á hvaða stefnukostir koma til álita í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar um þróun þéttbýlis eru hér greindir meginvalkostir um stefnu með það fyrir augum að þeir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar í aðalskipulaginu. Um er að ræða ýkta valkosti og því ólíklegt að tiltekinn valkostur verði útfærður einn og sér. Greiningin dregur þó fram ákveðna styrkleika og tækifæri sem hægt er að vinna áfram með í aðalskipulagsvinnunni. Eftirfarandi eru nokkrir umræðupunktar.

- **Þróun þéttbýlis með tilliti til sjálfbærni**. Greiningin leiðir í ljós mikilvægi þess að nýta vel land í þéttbýlinu og takmarka eftir því sem kostur er útþenslu byggðarinnar. Ávinningurinn af því í samhengi loftslagsmála er annars vegar að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda vegna rasks á landi. Hins vegar er það loftslagsávinningur af þéttri byggð sem almennt séð er sjálfbær vegna styttri vegalengda og sjálfbærni daglegs lífs íbúa.

  Í gildandi aðalskipulagsáætlunum er áhersla á þéttingu byggðar. Þar kemur m.a. fram að víða séu möguleikar á þéttingu byggðar og landrými og ákjósanleg svæði eru fyrir ný uppbyggingarsvæði. Í því samhengi er rætt um fyrrum atvinnusvæði sem ekki þjóna lengur tilgangi sínum vegna breyttra starfshátta og vannýtt svæði sem verða endurskipulögð til íbúðarbyggðar. Spurning er hvort þessar áherslur og markmið hafi náð fram að ganga í innleiðingu aðalskipulags Garðs og Sandgerðis.

- **Þróun þéttbýlis með tilliti til fjölbreytni atvinnulífs.** Greiningin dregur fram mikilvægi þess að skapa nægt rými fyrir uppbyggingu fjölbreyttrar atvinnustarfsemi í og við þéttbýlið. Stóra spurningin er hvert Suðurnesjabær ætlar að beina uppbyggingu atvinnuhúsnæðis, þ.e. er það einkum í og við þéttbýlið eða verður megináherslan á Keflavíkurflugvöll og næsta nágrenni hans. Mögulega er hægt að fara blandaða leið, en augljóst er að mikill ávinningur er af því að fjölbreytt atvinnulíf fái að dafna í sveitarfélaginu. Til þess að svo megi verða þarf enn frekar að vinna með sérstöðu Suðurnesjabæjar í skipulagi og þau tækifæri sem eru til nýsköpunar og ummyndunar eldri atvinnuvega. Í skipulagi er hægt að leggja drög að hagkvæmu byggðamynstri og vönduðu bæjarumhverfi sem er líklegt til að skapa áhugaverða umgjörð um fjölbreytta starfsemi. Í því, ásamt staðsetningu Suðurnesjabæjar, getur falist sérstaða og samkeppnisforskot til framtíðar.

Á Garðskaga.

- **Þróun þéttbýlis og traustir og hagkvæmir innviðir.** Í SVÓT greiningunni og umhverfismati er fjallað um áskoranir sem blasa við varðandi samgöngur og aðra innviði. Augljóst er, óháð því hvaða leið verður farin, að grípa þarf til aðgerða í skipulagi vegna umferðar um þjóðvegi í gegnum þéttbýlið. Ofanbyggðavegur eða hjáleið er nefnd en fjölmargar aðrar leiðir koma til greina, svo sem að hægja á umferð í gegnum

þéttbýlið. Allar slíkar aðgerðir verður þó að skoða í samhengi við þróun þéttbýlisins að öðru leyti. Aðgerðirnar eru ekki endilega bundnar við vöxt þéttbýlis út á við, eins og ætla mætti af greiningu valkosta hér að framan.

Greiningin varpar einnig ljósi á mikilvægi þess að huga að hagkvæmni byggðar með tilliti til innviða, þ.e. lagna og gatna, en meginreglan er að slíkur kostnaður er háður þéttleika byggðarinnar.

- **Þróun þéttbýlis með tilliti til heilbrigðis samfélags.** Lýðheilsa í skipulagi og sjálfbærni daglegs lífs íbúa eru órjúfanlegir þættir. Eðli málsins samkvæmt er heilsa háð heilnæmi umhverfis, auk þátta eins og hljóðmengunar og öryggis. Á síðari árum hafa orðið ljós óbein áhrif hins byggða umhverfis á lýðheilsu, þ.e. fyrirkomulag og gæði byggðar sem hefur áhrif á daglegar athafnir manna. Mikilvægur þáttur í því samhengi er að tengja saman íbúðarbyggð, verslun og þjónustu og atvinnustarfsemi í þágu sjálfbærni daglegs lífs, lýðheilsu og aukinna lífsgæða. Þeir valkostir sem skoðaðir voru komu misvel út að þessu leyti, þ.e. þróun þéttbýlisins.

3.8 Útfærsla valkosta í tillögu að aðalskipulagi

Vísað er til niðurstaðna greiningarinnar hér að framan, en þar eru dregin fram jákvæð og neikvæð áhrif þessara ýktu valkosta. Unnið er með þá í stefnumörkun aðalskipulagsins, en framkvæmda- og skipulagsráð fjallaði m.a. um valkostagreininguna á fundi sínum 19. janúar 2022. Ráðið lagði til að horft verði til þeirra þátta í stefnukosti B sem snúa að nýtingu þess lands sem þegar hefur verið skipulagt og jafnframt að nýtt byggingarland verði skipulagt utan núverandi þéttbýlis í jaðri núverandi byggðar, á því svæði sem liggur milli þéttbýlisstaðanna Garðs og Sandgerðis. Einnig verði horft til þéttingar núverandi byggðar þannig að eldri svæði verði að einhverju leyti betur nýtt.

Í framhaldi af samþykkt Framkvæmda- og skipulagsráðs voru greind nánar þau svæði sem koma til greinar fyrir nýja íbúðarbyggð. Meðal áskorana sem blasa við til framtíðar er að nýta betur land innan núverandi þéttbýlis og jafnframt viðhalda þeim gæðum sem felast í að búa í þéttbýli í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Einnig hvernig hægt er að skapa loftslagsvænni byggð, stuðla að félagslegum samskiptum íbúanna (innan þéttbýlisstaðanna og milli þeirra), styðja við lýðheilsumarkmið og jafnframt auka gæði byggðarinnar.

Í Sandgerði.

4 Umhverfisáhrif valkosta um legu ofanbyggðavegar í Garði

Í kaflanum er sett fram umhverfismat valkosta um stefnu í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar um legu ofanbyggðavegar í Garði. Um er að ræða aðgerðir til að hægja á og létta á umferðinni um Garðskagaveg (45), eða Garðbraut, þar sem hann fer um þéttbýlið í Garði. Í því sambandi er vísað til reynslunnar af ofanbyggðavegi í Sandgerði.

Í umhverfismati voru skoðaðir tveir valkostir um staðsetningu hringtorgs og legu ofanbyggðavegar auk núll-kosts, sbr. neðangreint kort. Helstu niðurstöður þeirrar greiningar eru í eftirfarandi köflum.



Valkostir um legu ofanbyggðavegar við Garð.

4.1 Sjálfbært og aðlaðandi samfélag

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Valkostur 1	Valkostur 2
Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra • Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis?	Óveruleg áhrif	Rask á grónu landi og losun jarðvegs	Rask á grónu landi og losun jarðvegs
• Stuðlar stefnan að viðbrögðum við loftslagsbreytingum svo sem vegna hækkunar sjávarborðs?	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif
Vistkerfi á landi • Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. friðlýst svæði, fólkvanga og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli vera friðlýst?	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif
• Hefur stefnan áhrif á lykilvistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land?	Engin áhrif	Áhrif á gróið land	Áhrif á gróið land
• Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfitjar og leirur og fossa?	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif
Umhverfi hafsins og auðlindir þess • Hefur stefnan áhrif á vistkerfi strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif

4.2 Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Valkostur 1	Valkostur 2
Sjálfbær hagvöxtur og fjölbreytt atvinnutækifæri • Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	Engin áhrif	Óveruleg áhrif, en þó eru nokkur umsvif á uppbyggingartímanum	Óveruleg áhrif, en þó eru nokkur umsvif á uppbyggingartímanum
• Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf á svæðinu?	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif
Sjálfbær neysla og framleiðsluaðferðir • Stuðlar stefnan að endurvinnslu og endurnýtingu?	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif

Viðnámsþol innviða og nýsköpun • Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	Engin áhrif	Aukið þol samfélagsins gagnvart auknum straumi ferðamanna þar sem hægir á umferð inn í Garð úr suðri og umferðin dreifist á fleiri vegi.	Aukið þol samfélagsins gagnvart auknum straumi ferðamanna þar sem að einhverju marki hægir á umferð inn í Garð úr suðri og umferðin dreifist á fleiri vegi. Staðsetning hringtorgsins gerir það að verkum að ekki dregur eins úr umferðarhraða á Garðskagavegi á miðsvæðinu

4.3 Traustir og hagkvæmir innviðir

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Valkostur 1	Valkostur 2
Aðgengi að hreinu vatni og sjálfbær nýting þess • Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif
Aðgengi að áreiðanlegri og sjálfbærri orku • Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	Engin áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum • Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu í göngufæri?	Stefnan felur í sér að ekki verði af aðgerðum til að hægja og létta á umferðinni um Garðskagaveg	Líklegt er að nærþjónusta í göngufæri eflist og gönguhæfi byggðar, þar sem umferðarhraðinn lækkar og öryggi eykst á Garðskagavegi	Líklegt er að nærþjónusta í göngufæri eflist að einhverju marki og gönguhæfi byggðar þar sem umferðarhraðinn lækkar að ákveðnu marki og öryggi eykst á Garðskagavegi
• Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	Núverandi tilhögun gatna veldur því að íbúar eru síður líklegir til að ganga eða hjóla á miðsvæði Garðs	Valkosturinn er líklegur til að ýta undir gangandi og hjólandi umferð fólks	Valkosturinn er líklegur til að ýta undir gangandi og hjólandi umferð fólks
• Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif

4.4 Vel menntað og heilbrigt samfélag

Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Valkostur 1	Valkostur 2
Heilbrigt líferni og vellíðan íbúa • Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi?	Að óbreyttu verða ekki gerðar úrbætur	Umferðarhraðinn lækkar og öryggi eykst á Garðskagavegi	Umferðarhraðinn lækkar og öryggi eykst á Garðskagavegi
• Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar hljóðvist?	Að óbreyttu verða ekki gerðar úrbætur	Hljóðvist kann að versna á afmörkuðu svæði í jaðri byggðar meðfram nýjum vegi. En á móti er umferðin hæg, bæði á Garðskagavegi og byggðavegi	Hljóðvist kann að versna á afmörkuðu svæði í jaðri byggðar meðfram nýjum vegi. Á móti er umferðin, á stórum hluta leiðarinnar, í talsverðri fjarlægð frá íbúðarbyggð
• Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Hamlar útivist innan þéttbýlis	Rífur tengsl við útivistarsvæði utan þéttbýlis	Rífur tengsl við útivistarsvæði utan þéttbýlis
• Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	Að óbreyttu verða ekki gerðar úrbætur	Er líklegur til að falla vel að landslagi og því gatnaneti sem er til staðar	Er líklegur til að falla vel að landslagi og því gatnaneti sem er til staðar
Verndun og varðveisla sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi • Stuðlar stefnan að líffræðilegum fjölbreytileika?	Óveruleg áhrif	Framkvæmdin hefur í för með sér rask á grónu landi í jaðri byggðarinnar	Framkvæmdin hefur í för með sér rask á grónu landi í jaðri byggðarinnar
• Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	Hefur ekki áhrif á fágætar landslagsheildir en ásýndin er neikvæð vegna mikillar og hraðrar umferðar	Fellur vel að núverandi gatnaneti	Breytir talsvert ásýndinni við aðkomuna úr suðri
• Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	Óveruleg áhrif, áhrifin komin fram	Ólíklegt að framkvæmdin hefði áhrif	Framkvæmdin er líkleg til að raska þekktum fornleifum miðað við fyrirliggjandi gögn
• Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum?	Óveruleg áhrif	Fellur vel að byggðinni	Talsvert inngrip í umhverfið, en áhrifin eru háð útfærslu

4.5 Samlegðaráhrif valkosta og útfærsla í skipulagi

	Umhverfisviðmið/matsspurning	Núll-kostur	Valkostur 1	Valkostur 2
Sjálfbært og aðlaðandi samfélag	**Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra.** Veldur stefnan aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis?	0	-	- -
	Stuðlar stefnan að viðbrögðum við loftslagsbreytingum svo sem vegna hækkunar sjávarborðs?	0	0	0
	Vistkerfi á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjaskrá, þ.e. friðlýst svæði, fólkvanga og önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst en Alþingi hefur ákveðið að skuli vera friðlýst?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land?	0	-	-
	Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m^2, sjávarfitjar og leirur og fossa?	0	0	0
	Umhverfi hafsins og auðlindir þess Hefur stefnan áhrif á vistkerfi strandsvæða, svo sem með losun eða efnistöku?	0	0	0
Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf	**Sjálfbær hagvöxtur og fjölbreytt atvinnutækifæri** Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	0	+	+
	Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf á svæðinu?	0	0	0
	Sjálfbær neysla og framleiðsluaðferðir Stuðlar stefnan að endurvinnslu og endurnýtingu?	0	0	0
	Viðnámsþol innviða og nýsköpun. Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	0	++	+
Traustir og hagkvæmir innviðir	**Aðgengi að hreinu vatni og sjálfbær nýting þess.** Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	0	0	0
	Aðgengi að áreiðanlegri og sjálfbærri orku Stuðlar stefnan að orkusparnaði, orkunýtni eða orkuskiptum?	0	0	0

	Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu?	-	++	+
	Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum?	-	++	++
	Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	0	0	0
Vel menntað og heilbrigt samfélag	**Heilbrigt líferni og vellíðan íbúa.** Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi?	- -	++	+
	Stuðlar stefnan að auknum gæðum byggðar hvað varðar hljóðvist?	- -	-	-
	Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	- -	- -	- -
	Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	- -	+	+
	Verndun og varðveisla sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Stuðlar stefnan að líffræðilegum fjölbreytileika?	0	-	-
	Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	-	++	-
	Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar?	0	0	- -
	Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum?	0	++	-

Núll-kostur. Hann felur í sér að ekki verði af aðgerðum til að hægja og létta á umferðinni um Garðskagaveg. Það hefði m.a. í för með sér neikvæð eða mjög neikvæð áhrif á gangandi umferð, umferðaröryggi og hljóðvist. Einnig er óbreytt ástand ekki líklegt til að styðja við lýðheilsusjónarmið, þ.e. hreyfingu innan þéttbýlis.

Valkostur 1. Hann felur í sér gerð vegtengingar í hringtorgi á Garðskagavegi við Iðngarða og þaðan með jaðri byggðarinnar móts við Heiðarholt og allt að Garðskagavegi sunnan byggðar. Greining á helstu áhrifum eru eftirfarandi:

- Vegagerðinni fylgir að einhverju leyti talsverð röskun á grónu landi, losun jarðvegs og losun gróðurhúsalofttegunda af þeim völdum.
- Valkosturinn er ekki líklegur til að hafa mikil áhrif á atvinnulíf á svæðinu að því gefnu að meginþorri ferðamanna fari áfram um Garðskagaveg, en um er að ræða aukið þol samfélagsins gagnvart auknum straumi ferðamanna þar sem hægir á umferð inn í Garð úr suðri og umferðin dreifist á fleiri vegi.
- Valkosturinn er líklegur til að efla nærþjónustu í göngufæri og gönguhæfi byggðar, þar sem umferðarhraðinn lækkar og öryggi eykst á Garðskagavegi.
- Hljóðvist kann að versna á afmörkuðu svæði í jaðri byggðar meðfram nýjum vegi. En á móti vegur að umferðin verður hæg.
- Nýr vegur er líklegur til að falla vel að landslagi og því gatnaneti sem er til staðar.
- Nýr vegur mun rjúfa tengsl byggðarinnar við útivistarsvæði sunnan og suðvestan byggðar og mögulega eru neikvæð áhrif á útivist og hreyfingu.
- Ólíklegt er að valkosturinn hafi neikvæð áhrif á fornleifar, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.

Valkostur 2. Hann felur í sér gerð vegtengingar í hringtorgi á Garðskagavegi við aðkomuna að Garði í suðri og þaðan að jaðri byggðarinnar móts við Heiðarholt og allt að Garðskagavegi sunnan byggðar. Greining á helstu áhrifum eru eftirfarandi:

- Vegagerðinni fylgir talsverð röskun á grónu landi, losun jarðvegs og losun gróðurhúsalofttegunda af þeim völdum.
- Valkosturinn er ekki líklegur til að hafa mikil áhrif á atvinnulíf á svæðinu að því gefnu að meginþorri ferðamanna fari áfram um Garðskagaveg. En um er að ræða aukið þol samfélagsins gagnvart auknum straumi ferðamanna þar sem að einhverju marki hægir á umferð inn í Garð úr suðri og umferðin dreifist á fleiri vegi. Staðsetning hringtorgsins gerir það að verkum að ekki dregur eins úr umferðarhraða á Garðskagavegi á miðsvæðinu.
- Valkosturinn er að einhverju marki líklegur til að efla nærþjónustu í göngufæri og gönguhæfi byggðar þar sem umferðarhraðinn lækkar að ákveðnu marki og öryggi eykst á Garðskagavegi.
- Hljóðvist kann að versna á afmörkuðu svæði í jaðri byggðar meðfram nýjum vegi. Á móti vegur að umferðin er í talsverðri fjarlægð frá íbúðarbyggð á stórum hluta leiðarinnar.
- Nýr vegur er ekki líklegur til að falla vel að landslagi og því gatnaneti sem er til staðar.
- Nýr vegur mun rjúfa tengsl byggðarinnar við útivistarsvæði sunnan og suðvestan byggðar og mögulega eru neikvæð áhrif á útivist og hreyfingu.
- Vegur á þessum stað er líklegur til að hafa neikvæð áhrif á fornleifar, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.

Heildarniðurstaða umhverfismatsins er að valkostur 1 er talinn álitlegur. Niðurstaðan er þó að valkostur 2 er talinn álitlegri, þar sem í samráðsferlinu komu athugasemdir og ábendingar um að hann hentaði betur með tilliti til rýmis fyrir tengingar við Garðskagaveg. Grípa þarf til mótvægisaðgerða til að tryggja göngutengsl við útivistarsvæði utan þéttbýlismarka og gæta að náttúru- og menningarminjum við framkvæmdir og vistheimt í stað þess gróðurlendis sem tapast.

5 Umhverfisáhrif aðalskipulagsins í heild og eftirfylgni

Í kaflanum er sett fram umhverfismat á stefnu aðalskipulagsins í heild, greining á samlegðaráhrifum og eftirfylgni og vöktun.

5.1 Umhverfisáhrif aðalskipulagsins í heild

Heildaráhrif aðalskipulagsins og þeirra stefnukosta sem urðu fyrir valinu við mótun skipulagsins eru metin. Metin eru helstu áhrif stefnunnar í meginviðfangsefnum aðalskipulagsins á helstu matsþætti. Í lok hvers stefnukafla í greinargerð aðalskipulagsins er samantekt á þeim umhverfisáhrifum sem metin eru í neðangreindum töflum.

Sjálfbært og aðlaðandi samfélag

Umhverfismat markmiða um sjálfbært og aðlaðandi samfélag.

	Matsþættir			
Markmið/stefna	Sjálfbært og aðlaðandi samfélag	Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf	Traustir og hagkvæmir innviðir	Vel menntað og heilbrigt samfélag
Byggð	++ / -	++	+	+
Lífríki og landslag	++	++	+	++
Náttúruvá og öryggi	?	+	++	?
Menningar- og búsetuminjar	++	++	+	++
Auðlindir	+	++	++	+

Byggð

Stefnunni er ætlað að styðja við stefnu Suðurnesjabæjar um heilsueflandi samfélag og bæta enn frekar búsetuskilyrði í sveitarfélaginu. Stefnan veitir svigrúm til vaxtar en áhrifin á náttúrufarslega þætti ráðast af umfangi nýrrar byggðar á nýju landi og hvort vistgerðir með hátt verndargildi fara undir byggð. Áhrifin á landslag eru almennt séð jákvæð enda verði vandað til við nýja uppbyggingu, þ.e. í samræmi við náttúru og landslag. Áhrif af styrkingu miðbæjar á landslag og ásýnd eru talin verulega jákvæð á samfélag og atvinnulíf. Áhrifin á loftslagsmál eru annars vegar jákvæð þar sem áhersla er á loftslagsvæna byggð, með áherslu á nærþjónustu í göngufæri og hóflega útþenslu byggðar. Hins vegar eru neikvæð áhrif á loftslagsmál vegna losunar jarðvegs þegar nýtt land er brotið undir byggð.

Lífríki og landslag

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á náttúrufarslega þætti eins og líffræðilega fjölbreytni og að viðhalda vistgerðum með hátt verndargildi. Gott aðgengi að náttúru svæðisins, einkum strandsvæðanna, hefur jákvæð áhrif á heilsu, stuðlar að möguleikum til útivistar og hreyfingar. Stefnan hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf enda hefur lífríki og landslag svæðisins mikið aðdráttarafl.

Náttúruvá og öryggi

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og auka viðnám og þol gegn umhverfisbreytingum, svo sem af völdum loftslagsbreytinga. Stefnan er einnig líkleg til að auka viðnámsþol samfélagsins gagnvart náttúruvá og auka öryggi fólks. Áhrifin á náttúrufarslega þætti og landslag verða háð útfærslu sjóvarna.

Menningar- og búsetuminjar

Stefnunni er ætlað að stuðla að varðveislu menningarminja, landslags og landslagsheilda. Verndun menningarverðmæta er ætlað að styrkja sjálfsmynd samfélagsins og efnahagslegan grunn og styðja við jákvæða atvinnuþróun og fjölbreytni atvinnulífs. Stefnan er í samræmi við þá stefnu sem stjórnvöld hafa markað um verndun menningarminja og verndarsvæði í byggð. Í heildina mun stefnan styrkja þol samfélagsins gegn samfélags- og umhverfisbreytingum, styrkja staðaranda og styðja við jákvæða upplifun og útivist í Suðurnesjabæ.

Auðlindir

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og stuðla að sjálfbærni byggðarinnar hvað varðar þol samfélagsins gangvart umhverfis- og samfélagsbreytingum. Stefnan er einnig líkleg til að hafa jákvæð áhrif á loftslagsmál og atvinnulíf með áherslu á græna orku og orkunýtni. Stefnan hefur óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar og útivist að því gefnu að ekki verði af nýtingu vindorku, en slík vinnsla hefði augljóslega áhrif á náttúrufarslega þætti eins og fugla, en ekki síður landslag og ásýnd lands.

Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf

Umhverfismat markmiða um blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf.

	Matsþættir			
Markmið/stefna	Sjálfbært og aðlaðandi samfélag	Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf	Traustir og hagkvæmir innviðir	Vel menntað og heilbrigt samfélag
Atvinna	0	++	+	0
Verslun og önnur þjónusta	+ / -	++	+ / -	+
Iðnaðar- og athafnasvæði	-	++	0	0
Afþreyingar- og ferðaþjónusta	+	+	+	++
Hafnarsvæði	0	++	++	0
Orkuvinnsla	0	0	0	0
Efnistaka og -vinnsla	++	0	0	++
Landbúnaður, landgræðsla og skógrækt	+	+	0	+

Atvinna

Stefnan hefur mjög jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum. Stefnan hefur óveruleg áhrif á náttúru og menningarminjar, en er líkleg til að draga úr ferðaþörf til vinnu og losun gróðurhúsalofttegunda í tengslum við það.

Verslun og önnur þjónusta

Stefnan hefur jákvæð eða mjög jákvæð áhrif á samfélagslega þætti, atvinnu og þjónustu, þ.e. eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum, eflir nærþjónustu og skapar fjölmörg störf í sveitarfélaginu. Stefnan hefur líklega óveruleg áhrif á náttúru og menningarminjar, en áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda er neikvæð vegna losunar jarðvegs ef áform um uppbyggingu við Rósaselstorg verða að veruleika. Uppbygging þar kann einnig að draga úr þjónustu í Garði og Sandgerði, þó er það háð útfærslu. Efling þjónustunnar í göngufæri og aukið gönguhæfi byggðarinnar hvetur einkum íbúa í þéttbýlinu til hreyfingar og bættrar lýðheilsu.

Iðnaðar- og athafnasvæði

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti þar sem sköpuð eru fjölmörg störf í sveitarfélaginu. Stefnan hefur líklega óveruleg áhrif á náttúru og menningarminjar, en áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda eru neikvæð vegna losunar jarðvegs ef áform um uppbyggingu á Rockville svæðinu og í Bergvík verða að veruleika. Um er að ræða stór atvinnusvæði með atvinnusókn á stóru svæði með samfélagsleg áhrif út fyrir mörk sveitarfélagsins.

Afþreyingar- og ferðaþjónusta

Stefnan er líkleg til að hafa mjög jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og stuðla að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélagsbreytingum. Stefnan hefur að einhverju marki jákvæð áhrif á atvinnu og mjög jákvæð áhrif á öryggi.

Hafnarsvæði

Stefnunni er ætlað að styðja við fjölbreytta hafnartengda starfsemi. Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og stuðla að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélagsbreytingum þar sem áhersla er á uppbyggingu aðstöðu á einum stað sem þjónar vel atvinnulífinu. Áhrif á loftslagsmál og náttúru- og menningarminjar eru líklega óveruleg.

Orkuvinnsla

Stefnan er líkleg til að hafa óveruleg áhrif á þá þætti sem voru til skoðunar.

Efnistaka- og vinnsla

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti vegna bættrar ásýndar lands við þéttbýlið. Sterkari tök á úrgangsmálum og áhersla á endurvinnslu og endurnýtingu ætti að hafa jákvæð áhrif á loftslagsmál.

Landbúnaður, landgræðsla og skógrækt

Stefnan er líkleg til að styrkja byggð í dreifbýlinu. Svigrúm er fyrir hlunnindanýtingu, skógrækt og uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum. Almennt er áhersla á að viðhalda búsetulandslagi og ásýnd lands með tilliti til framkvæmda og skógræktar. Stefnan hefur að einhverju leyti í för með sér jákvæð áhrif á loftslagsmál til lengri tíma litið, þó svo að ekki sé gert ráð fyrir umfangsmikilli skógrækt á skipulagstímabilinu.

Traustir og hagkvæmir innviðir

Umhverfismat markmiða um trausta og hagkvæma innviði.

	Matsþættir					
Markmið/stefna	Sjálfbært og aðlaðandi samfélag		Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf	Traustir og hagkvæmir innviðir	Vel menntað og heilbrigt samfélag	
Veitur og fjarskipti	0	?	++	++	0	?
Samgöngur	+	-	+	++	++	
Sorphirða og endurvinnsla	++		++	+	0	

Veitur og fjarskipti

Stefnan er líkleg til að hafa veruleg jákvæð áhrif á samfélag og atvinnu og einnig er stuðlað að orkuskiptum í samgöngum og það hefur jákvæð áhrif á loftslagsmál og viðbrögð við loftslagsbreytingum. Innviðauppbygging og viðhald innviða hafa óhjákvæmilega einhver umhverfisáhrif, en kappkostað er að taka tillit til verðmætra náttúru- og menningarminja við uppbyggingu á Ásbrú norður.

Samgöngur

Áhersla aðalskipulagsins á almenningssamgöngur, göngu- og hjólastíga og aðgerðir til að bæta umferðaröryggi er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag og atvinnulíf, svo sem með því að auka jöfnuð og seiglu samfélagsins, styðja við lýðheilsumarkmið og stuðla að loftslagsvænni byggð. Að einhverju marki kunna framkvæmdir í samgöngum að valda aukinni losun gróðurhúsalofttegunda til skamms tíma vegna losunar jarðvegs. Einnig væri um að ræða framkvæmdir, svo sem gerð göngustíga, á svæðum þar sem eru náttúru- og menningarminjar sem njóta verndar samkvæmt lögum. Þau áhrif eru háð útfærslu framkvæmda.

Sorphirða og endurvinnsla

Stefnan stuðlar að endurvinnslu og endurnýtingu til langs tíma litið, en talsverður hagur er af því fyrir samfélagið að minnka umfang á úrgangi sem fluttur er í Kölku. Til lengri tíma ætti það að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda og minna land fer undir urðun sorps.

Vel menntað og heilbrigt samfélag

Umhverfismat markmiða um vel menntað og heilbrigt samfélag.

	Matsþættir			
Markmið/stefna	Sjálfbært og aðlaðandi samfélag	Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf	Traustir og hagkvæmir innviðir	Vel menntað og heilbrigt samfélag
Samfélagsþjónusta	0	+	++	++
Útivist, íþróttir og opin svæði	+	+	++	++

Samfélagsþjónusta

Stefnan hefur mjög jákvæð áhrif á samfélagslega þætti og eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum, eflir menntun, þekkingarstarfsemi og nærþjónustu. Hún er líkleg til að stuðla að bættri lýðheilsu og vellíðan íbúa óháð þjóðfélagshópum. Stefnan viðheldur eða styrkir mikilvæga samfélagslega innviði, en hefur óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar eða losun gróðurhúsalofttegunda.

Útivist, íþróttir og opin svæði

Stefnan hefur mjög jákvæð áhrif á samfélag, þ.e. eykur þol gagnvart samfélagsbreytingum og stuðlar að bættri lýðheilsu og vellíðan íbúa og gesta. Stefnan stuðlar að heilnæmu umhverfi og hefur einnig jákvæð áhrif á samfélagið. Stefnan hefur að einhverju marki jákvæð áhrif á atvinnulíf og innviði vegna styrkingar opinna svæða í þéttbýli og dreifbýli. Einnig eru að einhverju marki jákvæð áhrif á náttúru- og menningarminjar og stefnan leiðir til minni losunar gróðurhúsalofttegunda vegna styrkingar gróðurs.

5.2 Stakar framkvæmdir

Aðalskipulagið markar stefnu Suðurnesjabæjar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu. Í þeirri stefnu geta falist fjölmargar stórar og smáar framkvæmdir eða uppbygging. Vísað er til deiliskipulags hvað varðar skilgreiningu og útfærslu einstakra framkvæmda og hvort einstakar framkvæmdir séu háðar mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Hér eru tíundaðar umfangsmestu framkvæmdirnar sem gætu tengst stefnu Suðurnesjabæjar.

- **Uppbygging nýrrar íbúðarbyggðar í Garði og Sandgerði**, þ.e. ÍB-12, ÍB-21 og ÍB-24 og uppbygging íbúðarsvæða sem nú eru í uppbyggingu sbr. ÍB-9 og ÍB-22. Í aðalatriðum er um að ræða uppbyggingu á óbrotnu landi.
- **Uppbygging á göngu- og hjólastígum** innan þéttbýlis og tenging við Keflavíkurflugvöll. Meðal annars er um að ræða uppbyggingu göngu- og hjólastíga við ströndina þar sem taka þarf tillit til búsvæða fugla og viðkvæms lífríkis fjörunnar.
- **Uppbygging nýs þjóðvegar sunnan Garðs**. Vegurinn hefur verið á aðalskipulagi en við undirbúning slíkrar framkvæmdar þarf að huga að fjölmörgum þáttum er varða áhrif á umhverfið.
- **Ofanbyggðavegur í Garði** er nýr vegur í jaðri þéttbýlisins. Í þeirri framkvæmd þarf að huga að fjölmörgum þáttum hvað varðar lífríki svæðisins og samfélagslega þætti eins og aðgengi að opnum svæðum, umferðaröryggi, o.fl.
- **Uppbygging ferðaþjónustustaða vestan Keflavíkurflugvallar**. Ferðaþjónustustaðirnir eru hluti af samfelldum opnum svæðum sunnan og vestan vallarsvæðisins. Um er að ræða verðmæt náttúrusvæði og öll uppbygging innviða við ströndina þarf að taka mið af því.
- **Uppbygging við Rósaselstorg**. Verslunar- og þjónustusvæði við Rósaselstorg hafa verið á aðalskipulagi en óljóst er hvort verður af uppbyggingu þar á skipulagstímabilinu. Svæðið er að hluta til í nálægð við Rósaselsvötn, þ.e. VÞ-5, VÞ-6 og VÞ-12, og sérstaklega þarf að gæta þess að framkvæmdir þar raski ekki vötnunum og lífríki þeirra. Einnig þarf að gæta að áhrifum á samfélagslega þætti eins og framboð þjónustu á svæðinu.
- **Uppbygging á Rockville**. Atvinnusvæðið hefur verið á aðalskipulagi en umfang svæðisins hefur minnkað. Til dæmis þarf að huga að því að uppbygging þar samrýmist náttúru og landslagi svæðisins.
- **Stækkun Sandgerðishafnar** hefur verið á aðalskipulagi en framkvæmdin mun m.a. hafa áhrif á mikilvæg búsvæði við ströndina.
- **Uppbygging við Garðskaga og Gauksstaði í Garði.** Ný uppbygging innan þéttbýlis sem hefur verið í skipulagsferli. Gæta þarf að samræmi við aðliggjandi byggð og sérstaklega þarf að taka tillit til lífríkis strandsvæðisins, fornleifa og hættu af völdum sjávarflóða.

5.3 Samlegðaráhrif

Skoðuð eru samlegðaráhrif vegna aðalskipulagsins, einkum m.t.t. þeirra breytinga sem orðið hafa frá fyrra skipulagi. Sérstök áhersla var lögð á loftslagsvæna byggð, lýðheilsusjónarmið, vöxt atvinnulífs svo sem ferðaþjónustu, þróun byggðar í þéttbýli, uppbyggingu vistvænna samgangna og eflingu miðsvæðis.

Í aðalskipulaginu eru lögð drög að því að styrkja þéttbýlið með því að miðsvæðin fái aukið vægi, land innan núverandi þéttbýlismarka verði betur nýtt og samhliða því að ný svæði verði tekin undir íbúðarbyggð. Auk þess er aukin áhersla á vistvænar samgöngur, m.a. með uppbyggingu göngu- og hjólastíga. Með því skapast skilyrði til að byggja upp fjölbreytta nærþjónustu í göngufæri sem er líkleg til að auka lífsgæði íbúa, styðja við lýðheilsusjónarmið og stuðla að loftslagsvænni byggð. Uppbygging verslunar og þjónustu við Keflavíkurflugvöll kann að draga úr þjónustuframboði í þéttbýlinu í Garði og Sandgerði og ganga gegn stefnu um styrkingu nærþjónustu í göngufæri. Það á við uppbyggingu við Rósaselstorg og einnig aðra uppbyggingu sem áformuð er í Reykjanesbæ í tengslum við þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar.

Í aðalskipulaginu er sérstök áhersla á uppbyggingu göngu- og hjólastíga, svo sem með ströndinni í þéttbýli. Þessi stefna hefur margháttuð jákvæð áhrif á samfélagið og skapar tækifæri til útiveru og hreyfingar. Þessi stefna er einnig líkleg til að styrkja ferðaþjónustu í sveitarfélaginu með því að auka aðgengi að einstöku lífríki strandarinnar. Auk þess er uppbygging göngu- og hjólastíganna liður í að stjórna umferð um strandsvæðin og er því líkleg til að stuðla að verndun lífríkis strandsvæðanna til lengri tíma litið.

Í heildina eru samlegðaráhrif aðalskipulagsins jákvæð að teknu tilliti til þeirra mótvægisaðgerða sem fjallað er um í stefnunni.

5.4 Eftirfylgni og vöktun

Í aðalskipulaginu er ekki gert ráð fyrir sérstakri vöktun vegna framfylgdar skipulagsins, umfram það sem getið er um í tillögunni og varðar áskoranir í umhverfismálum og er í vöktun af yfirvöldum eða kann að verða skilyrt í umhverfismati framkvæmda á síðari stigum. Á hinn bóginn eru fjölmargir þættir sem kalla á eftirfylgni hvað varðar umhverfisáhrif og sett hafa verið almenn og sértæk ákvæði um það efni í greinargerð aðalskipulagsins. Þar ber hæst eftirfylgni vegna uppbyggingar á og við viðkvæm búsvæði við ströndina, á Miðnesheiði og við vötn í sveitarfélaginu. Einnig eftirfylgni vegna mögulegrar grunnvatnsmengunar og annarra mengandi efna þar sem gæta þarf varúðar við framkvæmdir eða notkun lands á og í nágrenni við gamla sorphauga.

Hvað varðar samfélagslega þætti er einkum þörf á eftirfylgni vegna umferðaröryggismála á umferðarþungum götum í gegnum þéttbýli og að tryggja örugg göngutengsl og aðgengi að opnum svæðum í jaðri byggðar, þ.e. þveranir á ofanbyggðavegum. Einnig er mikilvægt að fylgja eftir áherslum aðalskipulagsins um loftslagsvæna byggð og eflingu þéttbýlisins sem vettvangs daglegra athafna og aðlaðandi nærumhverfis.

6 Tengsl við áætlanir stjórnvalda og innbyrðis samræmi

6.1 Innbyrðis samræmi markmiða aðalskipulagsins

Í aðalskipulaginu eru sett fram meginmarkmið í fjórum málaflokkum, þ.e. sjálfbært aðlaðandi samfélag, blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf, traustir og hagkvæmir innviðir og vel menntað og heilbrigt samfélag. Í umhverfismatinu er skoðað samræmi markmiða fyrir einstök viðfangsefni aðalskipulagsins, sbr. greinargerð. Eftirfarandi er greining á innbyrðis samræmi markmiða aðalskipulagsins og tvenns konar niðurstaða er möguleg:

	Samhljómur er í markmiðunum
	Samræma þarf framfylgd markmiða

Heilt yfir er ágætis innbyrðis samræmi í markmiðum aðalskipulagsins en huga þarf að framkvæmd stefnunnar hvað varðar tiltekna þætti sem hér eru tíundaðir. Það á við um stóru áhrifaþættina í stefnumörkuninni sem eru þróun byggðar í þéttbýli og stóru atvinnusvæðin sem eru fyrirhuguð norðan Keflavíkurflugvallar. Eðli málsins samkvæmt eru áskoranir sem fylgja því að byggja upp á stórum svæðum og samræma það stefnu um vernd náttúru- og menningarminja, svo og að innviðauppbygging haldi í við þá þróun. Einnig er áskorun að samræma slíka uppbyggingarstefnu markmiðum í loftslagsmálum.

- **Byggð.** Sérstaklega þarf að huga að samræmi stefnu um byggð, sérstaklega íbúðarbyggðar, við stefnu um verslun og aðra þjónustu og iðnaðar- og athafnasvæði. Það er ákveðin áskorun að atvinnuuppbyggingin, einkum þjónustustarfsemin, fari að hluta til fram í þéttbýlinu þannig að markmið um öfluga nærþjónustu og öflugan bæjarbrag nái fram að ganga. Einnig þarf sérstaklega að huga að samræmi við stefnu um lífríki og landslag þar sem uppbyggingin fer að hluta til fram á nýjum svæðum þar sem taka þarf tillit til búsvæða. Auk þess þarf að gæta að stefnumörkun um efnislosunarsvæði en vöxtur byggðar og ný íbúðarsvæði kalla á vandaðan frágang efnislosunarsvæða og lokun á eldri svæðum.
- **Lífríki og landslag.** Huga þarf að samræmi stefnu um lífríki og landslag gagnvart byggð eins og fyrr er getið, en einnig gagnvart náttúruvá, hafnarsvæðum og öryggi og samgöngum, en um er að ræða áskoranir sem snúa að því að við uppbyggingu varnarvirkja, vega, göngu- og hjólastíga, stækkun Sandgerðishafnar og nýrrar byggðar sé ávallt tekið tillit til mikilvægs lífríkis og landslags. Með vönduðum undirbúningi og eftirfylgni ættu slíkar framkvæmdir að vera samrýmanlegar markmiðum um lífríki og landslag. Hið sama gildir um fyrirhuguð atvinnusvæði norðan Keflavíkurflugvallar, í Rockville, við Rósaselstorg og Bergvík. Ef þessi áform ganga öll eftir þá er um að ræða verulegt inngrip í vistkerfi á stórum svæðum og því raski fylgir einnig umtalsverð losun gróðurhúsalofttegunda.
- **Náttúruvá og öryggi.** Stefnan er í aðalatriðum í samræmi við aðra hluta aðalskipulagsins, en kann þó að rekast á við markmið um lífríki og landslag og menningarminjar, þar sem uppbygging varnarvirkja er talsvert inngrip í umhverfið og náttúru- og menningarminjar kunna að verða fyrir áhrifum. Einnig kann stefna um þessa uppbyggingu að vera í ákveðinni mótsögn við markmið um ferðaþjónustu vegna breytinga á ásýnd lands.
- **Menningar- og búsetuminjar.** Gæta þarf að samræmi stefnu um menningar- og búsetuminjar við aðra hluta stefnunnar, sérstaklega þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir á landi þar sem er löng búsetusaga eins og er í og við þéttbýlisstaðina og byggðahverfin í dreifbýlinu. Þetta á sérstaklega við í tilfellum uppbyggingar samgangna og veitna, auk nýrrar byggðar og atvinnusvæða sem fyrr er getið.

- **Verslun og önnur þjónusta.** Við fyrirhugaða uppbyggingu við Rósaselstorg þarf að byggja upp nýja innviði eins og fráveitu. Því má segja að ákveðið ósamræmi sé við stefnu um veitur og fjarskipti. Auk þess er vísað til umfjöllunar um samræmi við stefnu um byggð og lífríki og landslag.
- **Iðnaðar- og athafnasvæði.** Áskorun er að iðnaðarsvæði við Bergvík er aðliggjandi umfangsmiklum íþróttasvæðum og opnum svæðum. Þynningarsvæðið við Bergvík hefur verið fellt niður en mikilvægt er að þar verði til framtíðar starfsemi í sátt við sitt næsta umhverfi.
- **Afþreyingar- og ferðaþjónustusvæði.** Stefnan er í aðalatriðum í samræmi við önnur viðfangsefni aðalskipulagsins, en áskorun er að nýtt afþreyingar- og ferðaþjónustusvæði við Djúpuvík er í nálægð við iðnaðarsvæði fyrir jarðgerð, þ.e. I-11. Gæta þarf þess að þessi starfsemi fari saman.
- **Efnistaka og vinnsla.** Mikilvægt er að stefna um efnislosunarsvæði innan opinna svæða nái fram að ganga, þ.e. að gengið verði frá eldri námum og losun lífræns úrgangs verði komið í farveg í endurvinnslustöð.

		Sjálfbært og aðlaðandi samfélag					Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf								Traustir og hagkvæmir innviðir			Vel menntað og heilbrigt samfélag	
	Viðfangsefni	Byggð	Lífríki og landslag	Náttúruvá og öryggi	Menningar- og búsetum.	Auðlindir	Atvinna	Verslun og önnur þjón.	Iðnaðar- og athafnasv.	Afþreyingar- og ferðaþ.	Hafnarsvæði	Orkuvinnsla	Efnistaka og -vinnsla	Landb., landg. og skógrækt	Veitur og fjarskipti	Samgöngur	Sorphirða og endurvinnsla	Samfélags-þjónusta	Útivist, íþróttir og opin svæði
Sjálfbært og aðlaðandi samfélag	Byggð																		
	Lífríki og landslag																		
	Náttúruvá og öryggi																		
	Menningar- og búsetum.																		
	Auðlindir																		
Blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf	Atvinna																		
	Verslun og önnur þjónusta																		
	Iðnaðar- og athafnasvæði																		
	Afþreyingar- og ferðaþj.																		
	Hafnarsvæði																		
	Orkuvinnsla																		
	Efnistaka og -vinnsla																		
	Landb., landgr. og skógr.																		
Traustir og hagkvæmir innviðir	Veitur og fjarskipti																		
	Samgöngur																		
	Sorphirða og endurvinnsla																		
Vel menntað og heilbrigt samfélag	Samfélagsþjónusta																		
	Útivist, íþróttir og opin sv.																		

6.2 Tengsl aðalskipulagsins við stefnu stjórnvalda

Eftirfarandi er greining á samræmi markmiða aðalskipulagsins og stefnu stjórnvalda. Þrenns konar niðurstaða er möguleg:

	Gott samræmi við stefnu stjórnvalda
	Huga þarf að samræmi við stefnu stjórnvalda
	Óveruleg tengsl við stefnu stjórnvalda

Í aðalskipulaginu eru sett fram meginmarkmið í fjórum þemum; sjálfbært og aðlaðandi samfélag, blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf, traustir og hagkvæmir innviðir og vel menntað og heilbrigt samfélag. Markmið eru sett fram fyrir átján viðfangsefni. Eðli málsins samkvæmt hefur stefna stjórnvalda mismikil tengsl við einstök viðfangsefni aðalskipulagsins. Skoðað er samræmi einstakra viðfangsefna (markmiða) aðalskipulagsins við stefnu stjórnvalda eins og hún er í vinnslutillögu aðalskipulagsins. Niðurstaðan er að í öllum aðalatriðum er gott samræmi þar á milli en þó eru atriði sem nauðsynlegt er að fjalla nánar um.

- **Landsskipulagsstefna.** Greiningin leiðir í ljós ákveðið ósamræmi í tengslum við stefnu aðalskipulagsins um landbúnaðarland. Landsskipulagsstefna markar stefnu um flokkun landbúnaðarlands sem ekki var hægt að uppfylla að öllu leyti við gerð aðalskipulagsins, m.a. vegna ófullnægjandi opinberra grunngagna um náttúru landsins. Á hinn bóginn er mótuð stefna þar sem tekið er mið af flokkun landbúnaðarlands og kemur hún til framkvæmda þá og þegar fullnægjandi gögn fást og/eða í tengslum við deiliskipulag á landbúnaðarsvæðum.
- **Kerfisáætlun.** Í tillögunni er áfram gert ráð fyrir háspennulínu (jarðstreng) vestan Keflavíkur, en hún er ekki í kerfisáætlun.
- **Náttúruminjaskrá.** Ákveðin óvissa er um hvort fyrirhuguð uppbygging á nýjum svæðum hefur í för með sér áhrif á vistgerðir sem taldar eru hafa hátt verndargildi.

	Byggð	Lífríki og landslag	Náttúruvá og öryggi	Menningar- og búsetuminjar	Auðlindir	Atvinna	Verslun og önnur þjónusta	Iðnaðar- og athafnasvæði	Afþreyingar- og ferðaþjónusta	Hafnarsvæði	Orkuvinnsla	Efnistaka og -vinnsla	Landb., landg. og skógrækt	Veitur og fjarskipti	Samgöngur	Sorphirða og endurvinnsla	Samfélags-þjónusta	Útivist, íþróttir og opin svæði
Landsskipulagsstefna																		
Heimsmarkmiðin (tiltekin markmið)																		
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum																		
Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum																		
Vatnaáætlun																		
Samgönguáætlun																		
Kerfisáætlun Landsnets																		
Stefna um uppbyggingu flutningskerfis raforku																		
Náttúruminjaskrá																		
Landsáætlun um uppbyggingu innviða																		
Byggðaáætlun																		
Rammaáætlun																		
Menningarstefna í mannvirkjagerð																		
Áætlun um loftgæði																		
Í átt að hringrásarhagkerfi																		
Sameiginleg svæðisáætl. um meðhöndlun úrgangs																		
Áfangastaðaáætlun Reykjaness																		
Sóknaráætlun Suðurnesja																		

7 Heimildir

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Mennta– og menningarmálaráðuneyti. 2014. Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Sótt 10. mars 2022 af https://www.stjornarradid.is

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2021. Jarðfræðikort. Sótt 25. júní 2021 af https://jardfraedikort.ni.is/

Reglugerð um stjórn vatnamála nr. 935/2011.

Skipulagsstofnun. 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Sótt 11. júní 2021 af http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf.

Skipulagsstofnun. 2016. *Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð*. Sótt 25. janúar 2022 af http://www.landsskipulag.is/

Skipulagsstofnun. 2021. *Tillaga Skipulagsstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðherra, febrúar 2021*. Sótt 20. júní 2021 af https://www.landsskipulag.is/

Stjórnarráð Íslands. 2022. Heimsmarkmiðin. Sótt 20. janúar 2022 af http://heimsmarkmidin.is/

Suðurnesjabær. 2021A. *Aðalskipulag Suðurnesjabæjar. Skipulags- og matslýsing.* Unnið af Verkís fyrir Suðurnesjabæ.

Suðurnesjabær. 2021B. *Aðalskipulag Suðurnesjabæjar; Skipulags- og matslýsing*. 3. mars 2021. Sótt 31. maí 2021 af https://www.sudurnesjabaer.is/

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2021A. *Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis– og auðlindaráðherra í úrgangsmálum*. Júní 2021.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2021B. *Í ljósi loftslagsvár - Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum*. September 2021.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2020. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. Útgáfa. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030 Sótt 20. júní 2021 af https://www.stjornarradid.is/

Verkís. 2021. *Aðalskipulag Suðurnesjabæjar; Frumgreining á valkostum um þróun þéttbýlis*. Unnið fyrir Suðurnesjabæ. Desember 2021.